

## Rannsóknarboranir í Reynisfjalli



Þessa dagana er unnið að rannsóknarborunum við Reynisfjall í Mýrdal. Vegagerðin vinnur nú að undirbúningi og rannsóknum í samræmi við gildandi samgönguáætlun 2020-2024 vegna forhönnunar og mati á umhverfisáhrifum vegna veglúna um Mýrdal með jarðgöngum um Reynisfjall. Ræktunarsamband Flóa og Skeiða sér um verkið. Á myndinni sést jarðborinn við borun í vesturbrún Reynisfjalls. Í baksýn er hluti Dyrhólaeyjar. Myndina sendi Þórir N. Kjartansson, Vík í Mýrdal. -gpp

## Ráðherrar heimsækja Carbfix á Hellisheiði

Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra, Þórdís Kolbrún Reykjavíkur, Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar og nýsköpunarráðherra og Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra heimsóttu Carbfix á Hellisheiði fyrir skömmu. Ráðherrarnir fengu kynningu á starfsemi fyrirtækisins og Carbfix tækninni sem byggir á íslensku hugviti sem bindur koldíoxíð varanlega í bergi á innan við tveimur árum.

Í kynningunni komu fram áform um að auka umfang starfseminnar verulega á næstu árum og byggja upp innviði til niðurdælingar á milljónum tonna af koldíoxíði m.a. í tengslum við Coda-verkefnið í Straumsvík. Mikilvægt verði að þróa tæknina áfram til að hámarka megi áhrif hennar á loftslagsáðgerðir



hér innanlands og alþjóðlega. Þá kom fram að Carbfix muni áfram leggja áherslu á að efla nýsköpun og þróun á tækninni svo undirbyggja

megi langtíamarkmið um kolefnisförgun og bjóða upp á ráðgjöf innanlands og erlendis um fýsileika kolefnisbindingar í bergi.

## Líf og fjör í Tryggvaskála á Selfossi í sumar



Við undirritunina í Tryggvaskála sl. föstudag.

Tómas Þóroddsson, Ívar Þór Elíasson og Margrét Rún Guðjónsdóttir hafa tekið við rekstri Tryggvaskála á Selfossi en samningur þess efnis var undirritaður, föstudaginn 30. apríl sl.

Fyrirtæki þeirra, Tryggvaskáli ehf., mun áfram halda úti veitingarekstri í húsnæðinu og munu þau kynna helstu áherslur betur síðar en stefnt er á opnun staðarins eftir miðjan maí. Leigusamningurinn er til fimm ára með möguleika á framlengingu og hefur Tryggvaskáli ehf. nú tekið formlega við húsnæðinu.

Aðspurð um við hverju fólk megi búast segja þau: Það verða breytingar, reyndar ekki mikið hér inni. Andrúmsloftið verður hlýtt, en við komum þó til með að létta stemninguna töluvert. Maturinn verður allt öðruvísi og meira lagt upp

úr að hægt sé að koma og fá sér drykk og eitthvað létt að borða. Tómas skýtur inn að matseðillinn verði stilltur af í verði og hægt að koma og fá sér að borða oft en þegar fólk á afmæli. Svólítið hugsað að vera með minni rétti og hægt verði að deila matnum með borðinu. Steikurnar og fiskurinn eru ekkert að hverfa, en þetta verður fjölbreytt.

Sumarið leggst vel í þau og vertarnir sjá fyrir sér stemningu í húsinu og úti á stétt í sumar þar sem fólk nýtur matar og drykkjar og kannski fyrst og fremst samveru og félagslífs. Það verður líf og fjör hér í sumar, segja þau að lokum.

Á myndinni eru þau Margrét Rún Guðjónsdóttir, Ívar Þór Elíasson, Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri og Tómas Þóroddsson við undirritunina í Tryggvaskála. -gpp

## Fáðu fagmann í verkið

**PÍPULAGNIR HELGA**

Háheiði 10, Selfossi  
S. 699 1985 / 823 6656



# JÖTUNN

Austurvegi 69 // 800 Selfoss // 480 0400 // jotunn.is // jotunn@jotunn.is

# ÍSLÆNSKT

## LÁTTU ÞAÐ GANGA

### GARÐEIGENDUR OG STOFNANIR ATHUGIÐ

Nú er rétti tíminn til að klippa og snyrta tré og runna. Fellum og fjarlægjum stór tré. Við höfum tæki og fagmenn í verkið.

Sími 894 0444  
bokkiehf@gmail.com

**BOKKI**  
GARÐAR



### Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu  
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir  
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.



Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - f /keyrsla.is

## Koma farfuglanna gleður alltaf



Á samfélagsmiðlum birtast myndir af farfuglum sem hver af öðrum er að skila sér til landsins og á varpstöðvar sínar. Í uppsveitum Ármessýslu sá Ásborg Ósk Arnþórsdóttir hrossagaukurinn sinn sem heldur til á Lambaflöt í Reykholti. Ásborg segist fyrst hafa heyrt í fuglinum í norðaustri sem henni þykir boða gott. „Það er svo yndislegt að sjá og heyra til farfuglanna okkar þegar þeir koma eftir veturinn. Þá er víst að veturinn sé að sleppa

takinu, vorið að taka við sér. Maður fyllist bjartsýni á lífið og tilveruna.“ Framundan hjá fuglum er að koma upp ungum og fylla loftið af fuglasöng. Hrossagaukurinn þekktist auðveldlega á sínu hneggi, en þvert á það sem margir halda kemur hljóðið ekki úr goggi fuglsins heldur stélfjóðrum. Hljóðið myndast milli fjaðra fuglsins þegar hann tekur dýfur í loftinu, gjarna kringum óðal sitt á kyrrlátum vorkvöldum. -gpp

## Nýsköpunarverkefni á Klaustri fékk 8,5 milljóna styrk



Á myndinni eru talið frá vinstri; Rannveig Ólafsdóttir frá Náttúrustofu Suðausturlands, Elín Erla Káraðóttir sumarstarfsmaður Náttúrustofu Suðausturlands og Jóhann Þórsson frá Landgræðslunni. Verið er að setja niður mælirör í jarðveginn.

Markmið verkefnisins er að mæla kolefnisforða ásamt CO<sub>2</sub> flæði úr þurrlandisjarðvegi valinna landgerða í Skaftárhreppi og þannig er hægt að áætla heildarlosun eða bindingu úr þessum vistgerðum með nokkuð góðri vissu. Um er að ræða ársverkefni, verkefnisstjóri er Rannveig Ólafsdóttir, sérfræðingur hjá Náttúrustofu Suðausturlands, sem hefur vinnuáðstöðu á Kirkjubæjarstofu - þekkingarsetri í Skaftárhreppi

Nýlega úthlutaði Loftslags-sjóður styrkjum í verkefni ársins 2021. Sjóðnum bárust 158 umsóknir og voru 24 þeirra styrktar eða um 15% umsókna sem sóttu um, 12 nýsköpunarverkefni hlutu styrk og 12 kynningar- og fræðsluverkefni.

Þetta er í annað sinn sem úthlutað er úr sjóðnum, en hann heyrir undir umhverfis- og auðlindaráðherra. Hlutverk sjóðsins er að styðja við verkefni sem lúta að nýsköpun á sviði loftslagsmála og kynningu og fræðslu um áhrif loftslagsbreytinga.

Eitt þeirra nýsköpunarverkefna sem fékk styrkúthlutun, 8,5 milljónir, var verkefnið Kolefnisforði og flæði úr jarðvegi - samstarfsverkefni um vöktun á völdum landgerðum. Umsækjandi verkefnisins er Náttúrustofa Suðausturlands og meðumsækjandi er Landgræðslan. Samstarfsaðilar verkefnisins eru: Ólafur S. Andrésón sem hefur undanfarin misseri hannað og þróað smíði á smátæki sem mælir losun CO<sub>2</sub> úr jarðvegi, sveitarfélagið Skaftárhreppur og Mor-nefndin sem er samstarfsnefnd sveitarfélaganna Skaftárhrepps og Hornafjarðar,

Landgræðslunnar og Skógræktarinnar. Hugmyndin að verkefninu kviknaði fljótt eftir að Íslensk stjórnvöld gáfu út aðgerðaáætlun sína í loftslagsmálum. Þar eru sett markmið um að minnsta kosti 40% samdrátt á losun gróðurhúsalofttegunda fyrir árið 2030, og kolefnishlutleysi árið 2040. Jafnframt er stefnt á gríðarlega aukna bindingu kolefnis vegna landnotkunar eða um +515% aukningu frá 2005 til 2030. Landnotkun (e. Land Use, Land Use Change and Forestry, skammstafað LULUCF) er einn stærsti losunarpáttur gróðurhúsalofttegunda sem standa þarf skil á gagnvart Parísarsamningnum en rekja má um fjórðung allrar losunar á heimsvísu til landnotkunar. Þessi þáttur er jafnvel enn mikilvægari á Íslandi, þar sem um 65% losun gróðurhúsalofttegunda á landsvísu er rakin til landnotkunar og um 86% losunar fyrir Suðurland.



Losunarbókhald vegna landnotkunar og skógræktar er skemmra á veg komið en fyrir aðrar uppsprettur eins og til dæmis losun frá jarðefnaeldsneyti og iðnaðarferlum enda er um flókna vistfræðilega ferla að ræða og mikinn breytileika eftir aðstæðum. Gera þarf stóruaunur um mælingar á losun CO<sub>2</sub> frá jarðvegi til að hafa áreiðanlegar upplýsingar í aðgerðum gegn loftslagsbreytingum. Fjölga þarf mælingum og mæla í fjölbreyttari landgerðum en gert hefur verið hingað til.

Verkefnið hefur fjárfest í alþjóðlega vottuðum dýrum mælibúnaði frá PP systems sem mælir bæði bindingu og losun CO<sub>2</sub> úr

jarðvegi. Hefur slíkur búnaður verið prófaður og notaður með góðum árangri hjá Landgræðslunni. Samhliða mælingum á CO<sub>2</sub> úr jarðvegi verður notast við nýjan íslenskan tækjabúnað sem hefur verið þróaður með styrk frá Loftslagssjóði á síðasta ári. Íslenski ódýrari búnaðurinn er talinn tilbúinn til almennrar notkunar en hefur ekki verið prófaður við skipulagðar mælingar eða staðlaður með annarskonar mælingum. Hér gefst því kostur á að prófa fýsileika þessa nýja búnaðar og fá samanburð við mælingar gerðar með viðurkenndum búnaði.

Markmiðið er að gögn og niðurstöður sem safnast með verkefninu nýtist m.a. sveitarfélaginu Skaftárhreppi til að ná árangri í loftslagsmálum í gegnum skipulagsgerð. Skaftárhreppur er annað landstærsta sveitarfélag landsins og um þessar mundir er verið að vinna í nýju aðalskipulagi sem tekur mið af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og eru þar aðgerðir í loftslagsmálum sérstaklega dregnar fram. Að draga úr kolefnislosun og auka kolefnisbindingu hjá sveitarfélagi sem byggir að stórum hluta afkomu sína á hefðbundnum landbúnaði er mikil áskorun. Með þeim niðurstöðum sem fást úr verkefninu verða til gögn um kolefnisbúskap landflokka og þannig er hægt að kortleggja hvar jarðvegur er að tapa kolefni og hvar það bindst. Með þær niðurstöður er hægt að hefja samræður um hvar best væri að auka útbreiðslu náttúruskóga, endurheimta votlendi, hefja skógrækt, friða fyrir beit o.s.frv. Niðurstöður fyrir hvern undirflokk sem mældur er mun einnig nýtast öðrum sveitarfélögum á landsvísu eða landeigendum með sambærilegar vistgerðir til að meta kolefnisbúskap sinna landgerða og gera áætlanir fyrir breytta landnotkun með það að markmiði að draga úr losun eða auka bindingu.

Síðast en ekki síst skapast þekking og störf í heimabyggð og reynsla fæst í samstarfi ólíkra aðila um vöktunarmælingar á kolefnisforða lands og breytingum þar á, sem myndi nýtast til að setja upp og þróa sambærilegt samstarf á landsvísu. Verður verkefnið liður í mikilvægu framlagi til að afla betri þekkingar á losun CO<sub>2</sub> frá mismunandi landgerðum á Íslandi sem bætir loftslagsbókhald Íslands.

Aðstandendur og starfsmenn Náttúrustofu Suðausturlands eru ánægðir og þakklátir fyrir styrkinn sem fékkst í þetta verkefni.

Rannveig Ólafsdóttir og Kristín Hermannsdóttir.



# MARKAÐSSTEMNING

## TILBOÐSVERÐ

Á NÝJUM SPENNANDI VÖRUM

OPIÐ ALLA SUNNUDAGA Í MAÍ

# LINDIN

## TÍSKUVERSLUN

Eyravegi 29 · Selfossi · Sími 482 1800

VERIÐ VELKOMIN

## Gerum þetta saman

Íhætt 20 ár hef ég tekið þátt í grasróttarstarfi Sjálfstæðisflokksins, nú óska ég eftir stuðningi Sjálfstæðismanna í Suðurkjördæmi til að stíga nær beinum áhrifum. Ég tók því ákvörðun um að gefa kost á mér í 4. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins.

Það er vissulega leiðigjarnt þegar stjórnmaðlammenn boða að þeir muni flytja fjöll, fá þeir til þess stuðning. Ég ætla að reyna að falla ekki í þá gryfju. Eftir sem áður vil ég kynna hver ég er, fyrir hvað ég stend og fyrir hverju ég vil berjast.

Ég er Eyjamaður, fæddur inn í afar venjulega íslenska alþýðufjölskyldu. Foreldrar mínir bæði kennarar, fjölskyldubíllinn Skoda og við börnin á heimilinu fjögur talsins. Leið mín lá fyrst á sjóinn með millilendingu í Stýrimannaskólanum hvar ég lærði skipstjórn. Ég starfaði sem sjómaður í um 20 ár lengst af sem stýrimaður og skipstjóri. Á ákveðnum krossgötum söðlaði ég um. Fékk starf í tónlistarskólanum og lærði í framhaldinu til kennara og síðar menningarstjórnunar við Bifröst. Í dag starfa ég sem skólastjóri Tónlistarskóla Vestmannaeyja og stjórnandi Lúðrasveitar Vestmannaeyja. Ég byrjaði seint markvissa þátttöku í stjórnárum og ætlaði mér ekki neitt annað en starf í grasróttinni, að styðja gott fólk til góðra verka. Nú tel ég mig hins vegar vera tilbúinn til að axla aukna ábyrgð.

Ég er klassískur hægri maður. Hef einlæga trú á mátt einstaklingsins og frelsi hans til orða og athafna. Ég tel að grunnþáttur þess að vera sannur talsmaður einstaklingsfrelsis sé fullkomin og alger virðing fyrir vali og eðli hvers og eins. Þar með séu sundurgreinandi breytur, eins og kyn, aldur, kynhneigð, stétt og staða, ekki eingöngu léttvægar heldur óviðkomandi. Það sem máli

Jarl  
Sigurgeirsson

í prófkjöri fyrir  
Sjálfstæðisflokk



skiptir er einstaklingurinn og hvernig hann stígur fram. Samtrygging á sviði menntunar og heilbrigðismála er í mínum huga jákvæð en útilokar hvergi aðkomu einkafyrirtækja. Ég er landsbyggðarmaður og vil sem slíkur sjá byggð dafna um allt land. Ég er alþjóðasinni en tel það hreinlega fráleitt að ljá á því máls að Ísland gangi í Evrópusambandið.

Mínar helstu áherslur liggja á sviði menningar og undirstöðuatvinnuveganna. Ég tel menningu vera helstu grunnstoð mannlífs á hverjum stað. Ég þekki sjávarútveginn vel, tel að við þurfum að standa um hann vörð og veit að sú grein hefur haldið í okkur lífinu í gegnum tíðina. Þá tel ég mikil sóknarfæri liggja í íslenskum landbúnaði með sívaxandi fæðuþörf heimsins og áherslu á vistvæna og heilsusamlega fæðu.

Ég er nýr á þessum vettvangi og áskil mér rétt til að þroska skoðanir mínar og jafnvel að skipta um þær ef rök falla þannig. Ég vonast til að geta átt samskipti við sjálfstæðismenn um allt kjördæmið fram að prófkjöri og með enn auknum krafti eftir það, fá ég til þess umboð. Ég vil því hér með hvetja þig til að hafa samband við mig og lýsi mig tilbúinn til að heimsækja hvern einasta vinnustað og hvern einasta íbúa, eins og aðstæður leyfa. Ræðum málin og setjum hina sönnu stefnu Sjálfstæðisflokksins á dagskrá. Ég vil að við gerum þetta saman.

Jarl Sigurgeirsson,  
jarlsig@gmail.com

OPIÐ  
FYRIR  
UMSÓKNIR  
TIL 10. JÚNÍ

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG UMSÓKNIR  
HEIMAVIST.IS

FRAMHALDSSKÓLANEMENDUR  
ALLS STADAR AÐ AF LANDINU



## Stöðvarstjóra á Selfossi

Pósturinn óskar eftir að ráða stöðvarstjóra til að leiða starfsemi Póstsins á Selfossi.

Um er að ræða fjölbreytt starf sem hentar lausnamiðuðum, metnaðarfullum og jákvæðum einstaklingi.

Umsóknarfrestur er til og með 12. maí 2021. Sótt er um starfið á umsóknarvef Póstsins, [www.posturinn.is/atvinna](http://www.posturinn.is/atvinna), þar sem nánari upplýsingar um starfið er að finna.

**Pósturinn er með Jafnlaunavottun og leggur ríka áherslu á jafnrétti.**

Nánari upplýsingar veitir Kjartan Flosason, forstöðumaður pósthúsa, í netfanginu [kjartan@postur.is](mailto:kjartan@postur.is).



# Stórbætt kjör eldri borgara á Íslandi!

Þannig hljóðaði fyrirsögn yfirlits frá Fjármála- og efnahagsráðuneytinu 12.3. sl. sem studdist við prósentu- hækkanir, meðaltöl og tíundir. Ekki batna kjörin við það, hjá þeim sem minnst bera úr býtum í hópi eldri borgara. Reiknings- kúnstir ráðuneytisins byggja á því, að telja með þá fjármuni, sem eldri borgarar fá greitt úr eigin lífeyrissjóðum, af eigin fjármagnstekjum og með eigin vinnu. Þessar greiðslur eru skertar um hátt í 40 milljarða á ári, sem ríkið sparar í greiðslum almennatrygginga til eldri borgara og má segja að séu hirtar þannig af þeim. Þetta er upphæðin sem er grunnur að þessum „stórbættu kjörum“ sem kemur aðallega til þeirra, sem best eru settir innan hópsins og hækka meðaltalið verulega. Að auki fær ríkið skatttekjur til viðbótar af þessum greiðslum, sem eldri borgara leggja til í þessum „bættu kjörum“! Þegar þessi upphæð, sem eldri borgarar leggja sjálfir fram, er ekki reiknuð með framlagi ríkisins, þá greiðir íslenska ríkið minnst allra ríkja innan OECD til eldri borgara, - minna en Albanía greiðir til þessa málaflokks mið- að við höfðatölu.

## Framsetning ráðuneytisins

Þar var m.a. sagt að aukning á útgjöldum ríkissjóðs frá 2015 í málaflokkinn væri 70%. Þar var einnig fjallað um að tekjulægri hópar hefðu hækkað meira en þeir tekjuhærri og eignastaða eldri borgara hefði batnað verulega. Meðaltal heildargreiðslna í nýu tíundum var sýnd, þar sem kom fram að meðaltal í fjórum fyrstu tíundunum náði frá lágmarks- greiðslu ellilífeyris upp í um 350 þúsund á mánuði, án

skilgreiningar um fjölda þeirra sem byggju einir og væru með heimilissuppbót og hverjir væru í sambúð. Um 1/3 hópsins nýtur heimilissuppbótar, þannig að miða má við að um 15 þúsund eldri borgarar séu í þeirri stöðu að þiggja greiðslur, sem eru lægri en lægstu laun og að sam- býlisfólk fær mun lægri greiðslu en atvinnuleysisbætur.

## Hækkun ellilífeyris er reiknuð stærð, en ekki greidd

Reiknaður grunnlífeyrir án heimilissuppbótar frá TR til eldri borgara var 1.1. 2015 kr. 191.271 sem skiptist eftirfarandi: Elli- lífeyrir: 36.337 tekjutrygging: 114.670 og framfærsluupp- bót: 40.270. Heimilissuppbótin var þá 33.799. Þetta ár 2021 er með óbreyttum grunnlífeyri mánaðarlega út árið kr. 266.033. Hækkun er því á 7 árum um 39%, sem eru kr. 74.762.

Á sama tíma hækkaði launa- vísitalan samkvæmt útreikningi Hagstofunnar um a.m.k. 70%. Í launasamanburði við aðra laun- þega í krónum talið á 7 árum er þessi upphæð til skamrar og háðungar fyrir íslenska rík- ið. Fullyrðing ráðuneytisins án skýringa um að „aukning á útgjöldum ríkissjóðs frá 2015 í málaflokkinn sé 70%“ er því óskiljanleg.

Eftir að hafa greitt skatt af fyrrnefndum grunnlífeyri nemur upphæðin um kr. 233 þús. mánaðarlega, óbreytt út árið. Sá sem býr einn fær heimilissuppbót til viðbótar kr. 67.691 á mánuði og eftir að hafa greitt skatt af þeirri upphæð eru eftir um kr. 279 þús.

Þetta er hin ískalda reikn- ingsstaða grunnlífeyris sem íslenska ríkið leggur til grund- vallar á greiðslu grunnlífeyris til

Halldór Gunnarsson

formaður kjararáðs eldri borgara í Rangárvallasýslu



eldri borgara. Staðan er þó enn naktari og nánasarlegr fyrir rík- issjóð, því að þessi grunnlífeyr- ir var aðeins greiddur til 1300 einstaklinga árið 2018 sem þýð- ir að 31 þúsund einstaklingar fengu miklu lægri greiðslur frá TR vegna 45% skerðingar á móti lífeyrissjóðsgreiðslum og fjármagnstekjum umfram kr. 25.000 á mánuði og vinnuframlagi þeirra sjálfra í launum umfram kr. 100.000 á mánuði. Samkvæmt svari við fyrirspurn á Alþingi nam þessi skerðingar- upphæð 35 milljörðum árið 2017 og er í dag líklega um 40 milljarðar.

## Fáum réttan samanburð fram

Framsetning ráðuneytisins um stórbætt kjör eldri borgara og óskilgreindra fullyrðingu ráðuneytisins um að útgjöld í málaflokkinn hafi hækkað um 70% á fimm árum, þegar fyrir liggur að reiknaður, en ekki greiddur grunnlífeyrir, hækkaði á sjö árum aðeins um 39%, þarf nánari skoðunar við. Hver skyldi þá hinn hækkaði raun- verulega greiddi grunnlífeyrir hafa verið á þessum árum? Hér þarf því margt að koma fram til viðbótar, fremur en útreik- ingur fjármálaráðuneytisins um prósentuhækkanir, meðaltöl og tíundir, sem ríkisútvarpið greinir frá, án gagnrýni og frekari umfjöllunar og fjármálaráðherra leggur síðan út af í ræðu og riti.




Matgæðingur vikunnar er **Baldur Þór Sigurðsson.**

Ég vil þakka Sigurði Orra fyrir áskorunina og skorast ekki undan henni.

## Gæsatvenna

Forréttur fyrir 4  
16 gæsa hjörtu  
Salt  
Pipar  
Rífs/jarðarberjasulta  
40 til 50 gr. smjör



Takið gæsa hjörtu og skerðið í tvennt og hreinsið með köldu vatni. Saltið og piprið að vild. Hitið smjör á pönnu. Skellið hjörtunum á þegar pannan er orðin vel heit og steikið í eina mínútu. Gott er að hafa smá sætu með, svo sem rífs eða jarðarberjasulta.

þeim á mínútu fresti eða þar til kjarnhitinn nær 65 gráðum. Bringurnar síðan láttnar standa í ca. 5 mínútur. Skerðið þær í þunnar sneiðar og berið fram með kartöflum og fersku salati.

## Sósa

Smjör af pönnunni af forréttinum Rjómi eða matarvín

Gott er að nota bráðna smjörið sem var eftir á pönnunni þegar forrétturinn var gerður. Vatni eða rauðvíni bætt út í ca. 3 til 4 desílítra. Jafna sósunu út með hveiti og smakka sósunu til með kryddi.

Ég skora á **Helga Þór Baldursson.**

Ég veit að hann kemur með góða uppskrift. Við höfum brasað mikið saman í eldhúsinu.

Matgæðingar eru beðnir að senda á [dfs@dfs.is](mailto:dfs@dfs.is) uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

# Adólf Ingvi nýr útibússtjóri Íslandsbanka á Selfossi

Adólf Ingvi Bragason hefur verið ráðinn útibússtjóri Íslandsbanka á Selfossi. Hann tekur við starfinu af Jóni Rúnari Bjarnasyni, sem verið hefur útibússtjóri í tæp 24 ár. Jón Rúnar lætur af störfum 1. maí nk.

Adólf Ingvi starfaði sem útibússtjóri Sjóvár á Suðurlandi á árunum 2010-2018 og náði þjónustusvæði félagsins allt frá Selfossi og austur að Öræfum, að Vestmannaeyjum meðtöldum. Síðast var hann fjármála- stjóri Mussila, sem er nýsköp-

unarfyrtæki sem sérhæfir sig á sviði stafrænnar tónlistar- kennslu. Hann hefur jafnframt starfað sem þjálfari í meistara- flokki og hjá yngri flokkum í knattspyrnu og er með UEFA A þjálfaragráðu. Hann var um tíma formaður Knattspyrnudeildarinnar á Selfossi.

Adólf Ingvi er með BSc gráðu í alþjóðaviðskiptum frá Viðskiptaháskólanum í Kaupmannahöfn og MBA gráðu frá Háskólanum í Árósum.



DAGSKRÁIN  
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Dagskráin, Eyraveggi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, [dfs@dfs.is](mailto:dfs@dfs.is).  
Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, [gpp@prentmetoddi.is](mailto:gpp@prentmetoddi.is).  
Auglýsingar: Katla Harðardóttir, sími 482 1944, [skh@prentmetoddi.is](mailto:skh@prentmetoddi.is).  
Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyraveggi 25, Selfossi, fyrir hádegis á mánuðögum. Upplag: 8700 eintök.  
Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.  
ISSN 1670-407X  
Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858

Vísnaðgátur-höf. Ármann Dalmannsson - Útg. Bókauktáfan SKRUDDA

## Gáta vikunnar

Þegar sól og sumar er, ég sést á túni.  
Á haustin kem ég heim af fjalli.  
Heiðri manna ég verð að falli.

Svar við gátu í blaði 2595: **KOLLA.**  
1. lína: **Kollótt ær** - 2. lína: **Æðarkolla**  
3. lína: **Búkkolla**

# Kæru Sunnlendingar!



Covid hefur tekið sinn toll af lífi nemenda og starfs- fólks Menntaskólans að Laugarvatni. Fyrir páska kom upp sú staða að nemendur voru snögglega sendir heim vegna nýrra og hertra reglna þríeykisins og var því ekki víst hvenær yrði snúið aftur á vistirnar.

Það urðu því miklar gleði- fréttir þegar fréttist að nemendur fengu að koma aftur á vist-

irnar eftir páska. Þrátt fyrir það er félagslífið ekki enn komið á rétta braut vegna þeirra sótt- varnareglna sem ríkja í landinu. Stjórn nemendafélagsins vinnur að því markmiði að byggja upp það félagslíf sem ekki hefur verið hægt að halda uppi.

Umsjón:  
Oddný Lilja Birgisdóttir  
og Amy Phernambucq.

# KRÓNAN

## Hæ Suðurland! Ert þú með hugmynd?

### Krónan á Suðurlandi auglýsir eftir styrktarumsóknum

Við höfum áhuga á að taka þátt í uppbyggingu í samfélaginu og auglýsum eftir styrktarumsóknum.

Hvað getum við gert saman?

Árlega veitir Krónan styrki til verkefna í nærumhverfi verslanna Krónunnar. Stefna Krónunnar er að styrkja verkefni sem hvetja til hreyfingu og hollustu barna og/eða uppbyggingu í samfélaginu t.d. á sviði menningar og lista eða menntunar.

Til að sækja um  
þarf að fara inn á:

**Kronan.is/  
styrktarumsokn**

Umsóknarfrestur er til  
**29. ágúst 2021**

\*Styrktarumsóknum verður einungis svarað í gegnum heimasíðu  
Öllum umsóknum verður svarað og tilkynnt verður hvaða verkefni fær styrk í ár.





*Alhliða byggingaverktaki*

**Kvistfell á Selfossi óskar eftir reynslu-  
miklum mönnum í byggingavinnu.**

**Ýmis verkefni framundan.**

**4 daga vinnuvika í boði fyrir lærða.**

**Frekari uppl. á kvistfell@simnet.is.**

## AÐALFUNDUR UNGMENNAFÉLAGS BISKUPSTUNGNA



*Aðaldeild, leikdeild og íþróttadeild*

Fundirnir verða haldnir í Aratungu miðvikudaginn 12. maí. Byrjað verður á fundi íþróttadeildar kl. 20:00, fundir leikdeildar og aðaldeildar verða svo í kjölfarið.

Á fundunum fara fram venjuleg aðalfundarstörf.

Félagar Umf. Bisk. eru hvattir til að mæta og taka þátt í umræðum um starf deilda félagsins. Þá eru nýjrir félagar velkomnir í félagið.

*Stjórnir aðaldeildar, íþróttadeildar og leikdeildar Umf. Bisk.*



## Krabbameinsfélagið

Aðalfundur Krabbameinsfélags Árnessýslu verður haldinn þriðjudaginn 11. maí kl. 18 í húsnæði Krabbameinsfélagsins að Eyra-vegi 31, Selfossi.

Allir velkomnir að koma og kynna sér starf Krabbameinsfélagsins í Árnessýslu en það hefur verið ört vaxandi síðasta árið.

1. Fundarsetning/kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar
3. Árskýrsla kynnt
4. Kosning stjórnar til næsta árs.
5. Kosning skoðunarmanna
6. Lagabreytingar kynntar
7. Önnur mál

Í ljósi aðstæðna í þjóðfélaginu verður takmarkaður fjöldi sem getur setið fundinn.

Grímuskylda.

# Tíglar

Við tókum fyrir skömmu í sölu nýtt garn sem heitir Canada og er frá LAMMY. Það er bæði til einlitt og einnig í nokkrum skemmtilegum tweed-litum sem eru blanda af 35% ull, 61% akrýl og 4% viskos. Létt, mjúkt og ódýrt.

Vesti eru frábærar flíkur sem halda hæfilegum hita á kroppnum við ólíkar aðstæður. Hér er uppskrift að einu slíku í barnastærðum með einföldu útprjóni að framan en sléttu prjóni að aftan.

Meðfylgjandi er tafla sem sýnir helstu tölulegar leiðbeiningar í stærðum 2ja til 10 ára.

Áhöld: prjónar no 4 og 4,5, nál og þrjú prjónamerki.

Prjónafesta: 18 l = 10 sm.

Þegar prjónað er fram og til baka er fyrsta lykkjan alltaf tekin óprjónuð eins og eigi að prjóna hana sl. Við það myndast hnúður í hliðinni.

Fitjið upp á prjón no 4, tengið saman í hring og prjónið stroff, 3 sl, 1 br til skiptis.

Skiptið yfir á prjón no 4,5 og prjónið eina umf sl og aukið út um eina l í hvorri hlið =



framyfir, endurtakið. (Þá hefur fækkað um 2 lykkjur) \* Endurtakið \*-\* í hinni hliðinni. Eftir þetta er fækkað um eina l í hvorri hlið

Stærðir eftir aldri		2	3	4	6	8	10
Garn í grömmum		150	150	200	250	300	350
Yfirvidd		60	62	66	71	75	80
Fitja upp		108	112	120	128	136	144
Stroff umferðir		9	9	10	11	12	12
Bæta við eftir stroff	#1	2	2	2	2	2	2
Lykkjur í bol		110	114	122	130	138	146
Lykkjur í hvorum bolhluta		55	57	61	65	69	73
Miðja að framan	#2	28	29	31	33	35	37
Byrjið munsturprjón	#3	1	5	3	1	5	3
Síðað handvegi		23	24	25	27	29	31
Geyma í handvegi		6	6	6	6	8	8
Berustykki							
Fella af í handvegi hv megin	#4	4	4	5	5	5	6
Lykkjur eftir		41	43	45	49	51	53
Bak frá handvegi cm		15	15	16	17	18	19
Framstykki að hálsmáli		10	10	10	11	12	13
Geyma á miðju hálsmáli		11	11	11	13	13	13
Úrtaka við hálsmál	#5	5	5	6	6	6	6
Eftir á öxlum		10	11	11	12	13	14
Endanleg lengd frá handvegi		15	15	16	17	18	19
Stroff umferðir		6	6	7	7	8	8

# 1.


Setjið prjónamerki í báðar hliðar og utan um miðlykkjuna að framan = # 2.

Fyrsta og síðasta lykkjan á framhluta er prjónuð brugðin en munsturprjón þar á milli. Lykkjur á bakhluta eru prjónaðar sléttar. Athugið að byrja á réttum stað í munstrinu

til að fá miðjutígulinn á réttum stað = # 3.

Prjónið að handvegi og setjið lykkjur á nælu fyrir handveg hvorum megin.

Nú eru fram- og bakhluti prjónaðir fram og til baka, fyrst bakstykkið, sl á réttunni og brugðið á röngunni. Byrjað er á að gera úrtöku í hliðum þannig: \* Takið 1 l óprjónaða, prjónið næstu og steypið þeirri óprjónuðu



í töflunni = # 5.

Prjónið áfram þar til framhluti er orðinn jafn langur og bakhluti.

Lykkið saman lykkjurnar af boðungunum við ystu lykkjurnar af bakhlutanum.

Takið upp lykkjur í hliðunum í hálsmáli með prj no 4. Lykkjufjöldinn þarf að vera deilanlegur með fjórum. Aukið út um 1-3 l ef þarf neðst í hliðunum að framan. Prjónið brugðning 3 sl, 1 br skv. töflu. Fellið laust af. Gerið eins í handvegum.

Gangið frá endum. Þvoið í volgu sápuvatni og leggið til þerris.

*Hönnun: Alda Sigurðardóttir*



**Hannyrðabúðin**

Eyra-vegi 23, Selfossi // 555-1314



KJÚKLINGA  
BORGARI  
*Mál tíð*

Crispy chicken burger special

**1.795 kr.**



\*Gos úr vél frá CCEP fylgir með

Tilboð gildir út apríl 2021

N1 Hvolsvöllur



Nestlé

## VANTAR ÞIG AÐ LÁTA MALBIKA?

Við erum á leiðinni á Selfoss og  
Porlákshöfn á næstunni að malbika.

Viltu nýta tækifærið og  
fá tilboð í innkeyrsluna?

Sendu okkur póst á  
tilbod@malbikstodin.is.

*Malbikstöðin og Fagverk verktakar*



**MALBIKSTÖÐIN**



### Hrossabændur - hestamenn!

Vantar hross til slátrunar á næstu vikum.

Sláturpantanir í síma 480 4100.

*Sláturfélag Suðurlands  
Selfossi*



SLÁTURHÚS SELFOSSI

### Störf í sláturtíð haustið 2021

Sláturfélag Suðurlands óskar eftir að ráða  
slátrara sem og almenna starfsmenn til starfa  
í sláturtíð sem hefst í byrjun september og  
stendur í um tvo mánuði.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um  
að sækja um starf á heimasíðu félagsins  
www.ss.is undir „Sækja um starf“.

Nánari upplýsingar hjá SS á  
Selfossi í síma 480 4100.

Upplýsingar um SS er hægt að nálgast á  
heimasíðu fyrirtækisins www.ss.is.

# Heiðlóa er fugl ársins 2021

Það er heiðlóan sem er sigur-  
vegari kosninga um titilinn  
Fugl ársins 2021. Hún flaug beint  
á toppinn í atkvæðagreiðslunni  
og sigraði með glæsibrag þar sem  
hún fékk bæði flest atkvæði sem  
1. val kjósenda og var einnig  
með flest atkvæði samanlagt  
sem 1.-5. val. Himbriminn veitti  
henni harða keppni. Alls bárust  
2054 atkvæði og stóð valið um  
20 fugla. Velja mátti 5 fugla og  
raða þeim í sæti 1-5.

Það er Fuglavernd sem stendur  
að baki kosningu á Fugli ársins  
en stefnt er að því að hún verði  
árlegur viðburður héðan í frá  
enda voru viðtökurnar frábærar.  
Keppnin er haldin í þeim tilgangi  
að vekja athygli á fuglum og  
þeim ógnum sem að þeim stöðja,  
þar á meðal röskun búsvæða og  
loftslagsbreytingar. Í hópi fugla  
sem voru keppendur um titilinn  
Fugl ársins og eru í miklum  
vanda á Íslandi eru lundi, kría og  
sendlingur.



Myndina tók Alex Máni.

Staða heiðlóunnar á Íslandi er  
þó góð og telst stofninn vera hátt í  
400 þúsund pör. Hún er algengur  
og útbreiddur varpflug og Ísland  
er mjög mikilvægt búsvæði fyrir  
heiðlóuna því að um þriðjungur  
allra heiðlóa í heiminum verpur  
hér á landi. Heiðlóan er farflug  
og flýgur á haustin til Vestur-

Evrópu, aðallega Írlands, en  
einnig til Frakklands, Spánnar,  
Portúgal og Marokkó, þar sem  
hún dvelur við strendur og árósa.

#### Enn ein fjöður í hatt heiðlóunnar

Titillinn Fugl ársins 2021  
er enn ein fjöður í hatt  
heiðlóunnar sem einnig sigraði  
BirdEurovisionkeppnina árið  
2002 með fögrum söng sínum.  
Heiðlóan er gjarnan kölluð  
vorboðinn ljúfi og skipar sérstakan  
sess í hugum landsmanna sem  
tákn vorkomunnar og er fréttum  
af fyrstu komu heiðlóunnar á  
hverju vori ákaft fagnað. Um  
hana hafa einnig löngum verið ort  
og kveðin rómantísk ljóð.

*Sé ég gróa og grænka kvist,  
grynmist snjóatakið,  
vorið hló er heyrði ég fyrst,  
hlýja lóukvakið.*

*Lóuvísur 1929,  
Stefán Vagnsson.*

## Rafípróttadeild Dímónar stofnuð

Miðvikudaginn 21. apríl  
sl. var Rafípróttadeild  
Dímónar formlega stofnuð  
þegar rafrænn stofnfundur var  
haldinn.

Markmiðið með stofnun  
deildarinnar er að rjúfa ein-  
angrun ungmenna sem spila  
mikið af tölvuleikjum heima  
hjá sér og að allir iðkendur  
fái jákvæða félagslega örvun  
og kynnist krökkum með  
sama áhugamál. Dæmi eru  
um börn sem hafa orðið  
mjög félagslega einangruð  
í gegnum tölvuleikjanotkun  
ásamt óæskilegri hegðun bæði  
í skólanum og heima fyrir. En  
með stofnun rafípróttadeildar  
í sínu sveitarfélagi hafa þessi  
börn fengið áhugamálið sitt  
viðurkennt, þau hafa öðlast



tækifæri til að hitta börn með  
sama áhugamál með handleiðslu  
þjálfara sem kennir þeim rétta  
umgengni við tölvuiðkunina.  
Hegðunarmynstur þeirra hefur  
bæst til muna bæði heima  
og í skólanum og hafa slíkir  
einstaklingar einnig sýnt fram á  
bættan námsárangur.

Fyrsta stjórn deildarinnar

var kosin á stofnfundinum  
en það eru þau Harpa Mjöll  
Kjartansdóttir, formaður,  
Magnús Þór Einarsson, ritari,  
Ellert Geir Ingvason, gjaldkeri  
og Ágúst Leó Sigurðsson, með-  
stjórnandi. Á meðfylgjandi  
mynd má sjá stjórnarmeðlimi  
deildarinnar.

## Sunnlendingar beittu hörðum aðgerðum gegn veirunni

Covid-19 stakk sér niður  
á ný á Suðurlandi með  
fjölgun smita víðsvegar um.  
Rakningarteymi og almanna-  
varnir í samvinnu við sveitar-  
félögin og skóla á hverju svæði  
beittu strax hörðum aðgerðum  
til að sporna við frekari  
útbreiðslu. Með mikilli skimun,  
draga úr samneyti og halda sig  
heima hafa Sunnlendingar sett  
undir sig hausinn gegn veirunni.  
Umdæmislæknir sóttvarna á  
Suðurlandi, Elín Freyja Hauks-  
dóttir, sagðist vongóð um að  
það næðist utan um smitin með  
samstilltu átaki íbúanna, sem  
svo sannarlega hefðu sýnt mikla  
samstöðu. Á skilaboðum Elínar  
kemur fram að yfirvöld hvetji  
fólk eindregið til þess að mæta  
í skimun ef það hafi minnstu



einkenni. Það gildi einnig um  
þá sem hafa verið bólusettrir.  
Bólusetning er enginn frípassi  
fyrir skimun. Vardandi smitin  
geta þau stungið sér niður  
hvar sem er. „Maður er ekki

bara í hættu ef maður býr á  
höfuðborgarsvæðinu. Fólk  
ferðast um. Það skiptir ekki máli  
hvar þú býrð á landinu; ef þú ert  
með einkenni, farðu í skimun.“



## 130 keppendur í Stúdíó sport-hlaupinu

Laugardaginn 1. maí sl. hélt Lverslunin Stúdíó Sport í samstarfi við Fríska flóamenn götu-hlaup um Selfoss. Keppt var í bæði 5 km og 10 km hlaupi og voru rétt rúmlega 130 keppendur á öllum aldri skráðir til leiks.

Aðstæður voru nokkuð góðar, flöt braut en nokkur vindur en keppendur létu það ekki á sig fá og sprettu úr spori. Upphaflega stóð til að halda krakkahlaup samhliða en vegna sóttvarnareglna var ákveðið að blása það af í þetta sinn en stefnan er að þetta hlaup verði árlegur viðburður ásamt krakkahlaupinu.

Hlaupið gekk vel og voru keppendur almennt ánægðir með allar aðstæður og skipulag hlaupsins.



Stúdíó Sport og Frískir flóamenn senda öllum hlaupurum hamingjuóskir með árangurinn

um leið og við þökkum fyrir góðan dag sem verður enn betri að ári.

## Tæknin skapar tækifæri til fræðslu í miðjum faraldri

Katla jarðvangur vinnur með Vinnuálastofnun að námskeiði um jarðvanginn

Katla jarðvangur hélt ítarlegt námskeið nýverið fyrir fjölda aðila á atvinnuleysisráð Vinnuálastofnun Suðurlands, en stór hluti af þeim sem störfuðu við ferðaþjónustu misstu vinnu þegar faraldurinn tók yfir. Námskeiðið stóð yfir í fjórar vikur, kennt var tvisvar í 2-3 klukkutíma í gegnum fjarfundaforritið Zoom en einnig fengu þátttakendur afrit af kynningarefni og frekari lesefni til að fræðast um jarðvanginn og



helstu viðfangsefni hans. Fjöl-margir sérfræðingar tengdust námskeiðinu en áhersla var lögð á að fræða nemendur um jarðvanginn og fjölbreytt svæði hans, þ.á.m. jarðfræði, lífríki og sögu, ásamt því að skýra betur frá stjórnun, verndun og ábyrgri umgengni innan svæðisins. Nemendur fengu viðurkenningarskjal

fyrir þátttöku sína og má segja að eftir að hafa setið námskeiðið séu þeir nú orðnir hæfari til að vinna við komandi ferðamannatíð. Vegna hversu vel tókst til undirbýr jarðvangurinn nú að endurtaka námskeiðið fyrir stærri hóp ferðaþjónustuaðila á svæðinu en nánar verður auglýst um það á heimasíðu jarðvangsins.

**DAGSKRÁIN**  
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is



## 50. Firmakeppni Sleipnis

verður laugardaginn  
8. maí 2021

Firmakeppnin hefst kl. 13:00 með hefðbundinni dagskrá.

**Dagskrá verður sem hér segir:**

1. Unghrossaflokkur
2. Pollaflokkur
3. 250 m stökk
4. Barnaflokkur
5. Unglingaflokkur
6. Ungmennaflokkur
7. Áhugamannaflokkur
8. Opinn flokkur

Hvetjum alla félagsmenn til að mæta.

Skráning fer fram 2. maí á [sportfengur.com](http://sportfengur.com) og lýkur 7. maí kl. 17:00. Skráningarkvittun sendist á [dis.adalsteins@gmail.com](mailto:dis.adalsteins@gmail.com).

# Hreinsunaráttak 2021

Hreinsunaráttak verður í Sveitarfélaginu Árborg 17-22. maí. Íbúar eru hvattir til að taka vel til í kringum sig eftir veturinn, hreinsa lóðir sínar, tína rusl, sópa gangstéttar og leggja sitt af mörkum til að fegra umhverfi okkar.

Á meðan á hreinsunaráttaki stendur fellur gjaldtaka á gámasvæði niður.

Tekið er á móti garðaúrgangi á gámasvæðinu við Víkurheiði sem og í gryfju austan hesthúsahverfis á Stokkseyri.

Íbúar eru beðnir um að passa vel upp á að flokka rétt í gámana þar sem blöndun getur rýrt endurvinnslugildið og valdið auknum kostnaði. Eins er fólk beðið um að hafa samband við starfsmenn gámasvæðis séu gámar fullir.

**Hreinsunaráttakið hefst  
17. maí og stendur til  
laugardagsins 22. maí**

**RAFRÆNN  
Frímiði!**

Frímiðar á gámasvæði verða gefnir út á rafrænu formi og má nálgast þá á heimasíðu Árborgar undir „Mín Árborg“.

Hægt verður að nálgast frímiða á gámasvæðið frá og með 17. maí 2021.



Sveitarfélagið  
**ÁRBORG**

# Íþróttir

Efni sendist á dfs@dfs.is



Jón Karl og Dagur Fannar ásamt Ófeigi Á. Leifssyni formanni taekwondodeildar og Viktori S. Pálssyni formanni Umf. Selfoss.  
Ljósmynd: Umf. Selfoss/Gissur



Barbára Sól.  
Ljósmynd: Umf. Selfoss/Gissur

## Barbára Sól og Dagur Fannar íþróttafólk Umf. Selfoss 2020

UMF. SELFLOSS Fyrir aðalfund Umf. Selfoss sem fór fram í fjarfundi fimmtudaginn 29. apríl var tilkynnt um val á íþróttafólki Umf. Selfoss fyrir árið 2020. Fyrir valinu urðu knattspyrnukonan Barbára Sól Gísladóttir og fjálsíþróttamaðurinn Dagur Fannar Einarsson.

Við sama tækifæri var Jóni Karli Jónssyni afhentur Björns Blöndals bikarinn fyrir framúrskarandi störf í þágu félagsins og taekwondodeild Umf. Selfoss

var valin deild ársins fyrir metnaðarfullar heimaæfingar í heimsfaraldri.

Fram kom að rekstur félagsins er í miklu jafnvægi þó að starfið hafi verið fordæmalaust á seinasta ári. Mikið mæddi á stjórnun deilda allt árið 2020 og kom vel í ljós sá mikli mannaúður sem félagið býr að þegar bregðast þurfti skjótt við ástandi sem enginn gat séð fyrir. Með samstilltu átaki og ábyrgri ákvarðanatöku innan stjórna tókst að halda starfsemi

og þjónustu félagsins óskertir eftir því sem takmarkanir á samkomum leyfðu. Um leið tóku ábyrgir aðilar í stjórnun deilda strax í handbremsuna og brugðust við því gjörbreytta umhverfi sem fjármál deildanna horfðust í augu við.

Á fundinum varð ein breyting á framkvæmdastjórn þar sem Sigrún Hreiðarsdóttir gekk úr stjórn og var Hafsteinn Guðmundsson kjörinn í hennar stað.  
-UMFS/gj

## Hvalreki á fjörur Selfyssinga

KNATTSPYRNA Framherjinn Gary Martin hefur skrifað undir tveggja ára samning við knattspyrnudeild Selfoss.

Gary þarf vart að kynna fyrir knattspyrnuáhugamönnum en hann hefur leikið fyrir ÍA, KR, Víking R, Val og nú síðast ÍBV. Gary er markaskorari að af Guðs náð og kemur til með að styrkja lið Selfoss mikið.

„Ég er mjög spenntur fyrir þessum nýja kafla á mínum ferli og fullur tilhlökkunar. Ég þekki

Dean (þjálfari liðsins) og ég veit að hann mun ná því besta út úr mér. Það eru spennandi tímar í fótboltnum á Selfossi, liðið er nýkomið upp og er að stefna í rétta átt,“ segir Gary.

„Mér finnst Selfoss-liðið sjálfst spennandi. Leikmennirnir í liðinu eru hæfileikaríkir og það eru margir ungir leikmenn í liðinu sem vilja ná langt.“

Við bjóðum Gary hjartanlega velkominn og við hlökkum til samstarfsins!  
-UMFS/ahm



Ljósmynd: Umf. Selfoss/Arnar Helgi

## Oliver Helgi í Selfoss

KNATTSPYRNA Oliver Helgi Gíslason er genginn til liðs við Selfoss. Oliver sem er fæddur árið 1999 kemur til liðsins frá Haukum. Oliver er kantmaður en getur einnig leyst stöðu framherja. Hann gerir tveggja ára samning við Selfoss.

„Ég er mjög ánægður með það að vera kominn í Selfoss. Liðið er gott og það sama má segja um þjálfarann. Þá virðist stemningin í hópnum vera góð þannig að mér líst mjög vel á þetta,“ segir Oliver.

Á fyrstu æfingunni eftir að hafa skrifað undir samning við



Ljósmynd: UMFS/Arnar Helgi

Selfoss varð Oliver fyrir því ævintýrlega óhappi að ökkla brotna. Hann gekkst undir aðgerð nokkrum dögum síðar og

er nú í endurhæfingu vegna þess.

„Læknarnir tala um sirka 10 vikur í það að ég geti farið að spila fótbolta aftur. Aðgerðin gekk vel og ég losna úr gífsinu í byrjun maí, en þá fer ég í svokallað göngugífs sem ég verð með í fjórar vikur,“ segir Oliver um óhappið.

Við bjóðum Oliver hjartanlega velkomin á Selfoss og óskum honum góðs gengis í endurhæfingunni en knattspyrnudeild Selfoss mun að sjálfsögðu styðja vel við bakið á honum í þeirri vinnu sem fram undan er.  
-UMFS/ahm



## Sigur í spennutrylli í Eyjum

HANDBOLTI Strákarnir okkar fóru til Eyja á laugardag þar sem þeir öttu kappi við ÍBV í Ólísdeildinni. Eftir algeran naglbít síðustu mínúturnar fóru Selfyssingar með sigur af hólmi, 26-27.

Selfyssingar byrjuðu leikinn af meiri krafti en Eyjamenn unnu sig hins vegar inn í leikinn og var jafnt á öllum tölum þar til Selfyssingar skoruðu tvö síðustu mörk hálfleiksins og leiddu því 12-14 í hálfleik.

Leikurinn hélt í jafnvægi en Selfyssingar alltaf á undan að skora þar til ÍBV komst yfir, 21-20, um miðjan hálfleikinn. Selfyssingar hertu þá tókin og virtust vera með leikinn í hendi sér, leiddu 22-26 þegar fjórar mínútur voru eftir af leiknum. Eyjamenn eru hins vegar vanir því að hleypa svona leikjum upp í spennu í lokin og það tókst þeim í þessum leik. Það endaði með því að heimamenn hefðu getað jafnað leikinn á lokasekúndunum í galopnu færi af línunni. Skotið rataði fram hjá Vilius í markinu en líka fram hjá markinu og sigur í höfn hjá Selfyssingum.

Mörk Selfoss: Hergeir



Einar Sverrisson var frábær í leiknum og skoraði 7 mörk úr opnum leik. Ljósmynd: UMFS/SÁ

Grímsson 9/7, Einar Sverrisson 7, Ragnar Jóhannsson 5, Guðjón Baldur Ómarsson og Nökkvi Dan Elliðason 2, Gunnar Flosi Grétarsson og Magnús Öder Einarsson 1. Varin skot: Vilius Rasimas 12 (35%) og Alexander Hrafnkelsson 1/1 (33%).

Með sigrinum hoppa Selfyssingar yfir ÍBV og fleiri í jafnri töflu og upp í þriðja sæti. Næsti leikur er gegn Val í Hledsluhöllinni þriðjudaginn 4. maí kl. 19.40.

Selfoss tyllti sér með sigrinum í fjórða sæti með 18 stig, jafnt Stjórnummi, eftir sextán umferðir.  
-UMFS/esó

## Tveir tapleikir hjá stelpunum

HANDBOLTI Stelpurnar okkar léku tvo hörkuleiki í Grill 66-deildinni í seinustu viku en því miður var uppskeran rýr. Fyrri leikurinn tapaðist gegn sterku liði Aftureldingar í Mosfellsbæ. Virkilega góður leikur þrátt fyrir tap, 28-22. Stelpurnar töpuðu um helgina fyrir ungmennaliði Vals, 26-33.

Stelpurnar úr Mosfellsbæ hófu leikinn gegn Selfossi af meiri krafti og náðu strax frumkvæðinu. Selfyssingar héldu þó áfram og náðu að hlaupa með þar til þjálfari Aftureldingar tók leikhlé í stöðunni 7-5. Þá juku heimakonur muninn í 5 mörk og stefndi í erfitt kvöld fyrir gestina. Selfyssingar gerðu svo gott áhlaup síðustu mínútur hálfleiksins og gengu til búningsklefa með jafna stöðu, 12-12.

Leikurinn hélt nokkuð jafn og voru Selfyssingar komnir tveim mörkum yfir þegar tíu mínútur voru búnar af fyrri hálfleik, 15-17. Mosfellingar tóku þá við sér og komust yfir tíu mínútum síðar. Selfyssingar fóru illa með færin á lokakaf-

anum og misstu leikinn frá sér.

Mörk Selfoss: Tinna Sigurós Traustadóttir 10/4, Elínborg Katla Þorbjörnsdóttir 5/1, Agnes Sigurðardóttir 4, Elín Krista Sigurðardóttir 2 og Emilía Ýr Kjartansdóttir 1. Varin skot: Lena Ósk Jónsdóttir 5 (16%).

Gestirnir byrjuðu leikinn gegn Selfoss betur án þess að ná að slíta sig fram úr Selfyssingum. Heimakonur unnu sig hratt inn í leikinn og jöfnuðu leikinn þegar um tólf mínútur voru liðnar, 7-7. Selfyssingar voru með frumkvæðið fram að hálfleik þar sem þær leiddu 15-14.

Valur skoraði fyrstu þrjú mörk síðari hálfleiks og tóku leikinn aftur til sín. Selfyssingar fóru illa með boltann á þessum kafla og gestirnir gengu á lagið og bættu heldur í forystuna. Það bil varð ekki brúað og endaði leikurinn með sigri Valsara.

Mörk Selfoss: Tinna Sigurós 9, Elínborg Katla 7, Agnes 5, Raket Guðjónsdóttir 3, Hugrún Tinna Róbertsdóttir og Katla Björg Ómarsdóttir 1. Varin skot: Lena Ósk 7 (17%). -UMFS/esó



## ÚTBOÐ

Hrunamannahreppur Óskar  
eftir tilboðum í verkið:

### Kópsvatn - Garðastígur

Verklök eru 15. júlí 2022.

Verkið felur í sér að leggja hitaveitulögn frá Kópsvatni norðan Flúða, að Garðastíg á Flúðum, ásamt endurgerð á götunni Garðastíg á Flúðum í Hrunamannahreppi.

Verktaki skal jarðvegsskipta götuna samkvæmt kennisniðum þ.e. leggja styrktarlag, burðarlag og malbik á götunna. Verktaki skal einnig leggja fráveitu, vatnsveitu, hitaveitu, götuljósastrengi og setja upp ljósastaura.

Verkinu er skipt í 2 áfanga.

- 1. áfangi:** Leggja DN150 hitaveitulögn frá fyrirhugaðri dælustöð við Kópsvatn, að Garðastíg á Flúðum. Ganga skal frá tengingu við núv. DN80 lögn sem færðir sumarbústaðabyggð við Ásabyggð, sem og öðrum tengingum á lagna-leiðinni. Fylla skal í lagnaskurði og ljúka yfirborðsfrágangi vegna lagnaskurða.
- 2. áfangi:** Leggja skal lagnir í Garðastíg á Flúðum og jarðvegsskipta götu.

Áfanga 1 skal að fullu lokið: 1. október 2021.  
Áfanga 2 skal að fullu lokið: 15. júlí 2022.  
Verkinu skal að fullu lokið: 15. júlí 2022.

#### Helstu magntölur eru:

Gröftur	6.200 m <sup>3</sup>
Styrktarlag og fylling í lagnaskurði	5.600 m <sup>3</sup>
Fráveitulagnir	990 m
Vatnsveitulagnir	520 m
Hitaveitulagnir	5.340 m

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með miðvikudeginum 5. maí 2021. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við Bárð Árnason hjá Eflu, Suðurlandi í síma 412 6900, eða með tölvupósti á netfangið [ba@efla.is](mailto:ba@efla.is) og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti.

Tilboðum skal skila á skrifstofu Hrunamannahrepps Akurgerði 6, 845 Flúðir fyrir kl. 13:00 fimmtudaginn 20. maí 2021, en þá verða þau opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Sveitarstjórnin í Hrunamannahreppi



## Sveitarfélagið ÁRBORG

### ÚTBOÐ

## Sveitarfélagið Árborg óskar eftir tilboðum í: „Stígar í Árborg 2021“

Verkið felur í sér malbikun, gerð burðarlags og jarðvegsskipti og einnig uppsetningu ljósastaura og plægingu ljósastrengs þar sem það á við á stígum í Árborg.  
Verkið skiptist í eftirfarandi hluta.

#### Eyrbakkastígur:

E1: Eyrbakkastígur (st. 2500 – 3300) Kaldaðarnesvegur

Stekkar, leggja skal út burðarlag (mulningur) og malbika þennan kafla með malbiksbreidd 2,5 m.

E3: Eyrbakkastígur (st. 400 - 3300) Flugvallavegur

Stekkar, plægja skal niður ljósastreng og setja upp ljósastaura, einnig skal setja ljósastaura við Flugvallaveg

#### Selfoss:

S1: Engjavegur – Langholt gegnum tjaldsvæði.

Malbika skal núverandi jarðvegsskiptan stíg, malbiksbreidd 3,0m og 2,5m.

S2: Íþróttavallasvæði

Malbika skal núverandi jarðvegsskiptan stíg, malbiksbreidd 3,0m.

S3: Tjaldsvæði – að stíg við Grundir.

Malbika skal núverandi jarðvegsskiptan stíg, malbiksbreidd 2,0m.

S6: Selfoss-stígur með Ölfusá: Lækjarbakki - Hagalækur.

Jarðvegsskipti, burðarlag og malbikun, malbiksbreidd 2,5m.

#### Helstu magntölur eru:

Gröftur	800 m <sup>3</sup>
Jöfnun og þjöppun á fyllingu	4.900 m <sup>2</sup>
Styrktarlag	1.600 m <sup>3</sup>
Burðarlag, efni	490 m <sup>3</sup>
Burðarlag, útjöfnun og þjöppun	4.900 m <sup>3</sup>
Malbik	Y8 4.125 m <sup>2</sup>
Uppsetning ljósastaura	90 stk.
Plægning á ljósastaurastreng	3.900 m

Verkinu skal að fullu lokið 15. september 2021.

Útboðsgögn verða afhent á útboðsvef sem er aðgengilegur hér:

<https://arborg.ajoursystem.is/Tender#/tender/edit/c866188c-c431-4659-8496-bac02090dad2/0>

Tilboðum skal skila rafrænt í útboðskerfinu Ajour. Tilboð skulu sett fram með þeim hætti sem sett er fram í útboðskerfinu og í samræmi við skilmála útboðs og hlaða upp þeim skráum sem gerð er krafa um. Bjóðandi fær staðfestingarpóst þegar hann hefur skilað tilboði. Ef enginn póstur berst, hefur afhending ekki tekist. Bjóðendur skulu í þeim tilfellum leita til Ajour þjónustuaðila án tafar. Bjóðandi ber ábyrgð á að tilboð berist á réttum tíma og eru hvattir til að hefja tímanlega vinnu við að skila þeim inn.

Skilafrestur tilboðs er til **kl. 11.00 föstudaginn 21. maí 2021.**

Opnun tilboða verður framkvæmd með rafrænum hætti á útboðsvefnum eftir að skilafrestur tilboða er liðinn. Bjóðendum verður því ekki boðið að mæta á opnunarfund en í kjölfar opunar tilboða verður bjóðendum sent opnunarýfirlit rafrænt.

Mannvirkja- og umhverfissvið Árborgar

## Hallarekstur Árborgar nemur tæpum 600 milljónum

Halli á samstæðureikningi Sveitarfélagsins Árborgar árið 2020 er alls 578 milljónir króna. Hægt er að rekja að lágmarki 460 m.kr. til heimsfaraldurs Covid-19 og 200 m.kr. til óvenjulegrar hækkunar í fjármagnsliðum.

Í greinargerð sem send var samhliða tilkynningunni kemur meðal annars fram: "Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta er neikvæð um 578,5 millj. kr. sem er 396 millj.kr. lakari niðurstaða en áætlun gerði ráð fyrir. Heildartekjur eru 11.090 millj.kr. og heildarútgjöld með afskriftum en án fjármagnsliða 10.744 millj.kr. Að öllu samanlögðu nema heildarútgjöld með afskriftum án fjármagnsliða 96,8 % af heildartekjum A- og B-hluta ársreiknings."

Þá segir í tilkynningu frá sveitarfélaginu að án ofangreindra áfalla hefði orðið afgangur af rekstri samstæðu Sv. Árborgar upp á um 100 milljónir

króna. "Niðurstaða ársreiknings 2020 getur talist ásættanleg í ljósi þess heimsfaraldurs sem einkenndi liðið ár, sér í lagi þegar við bætist gríðarlegri fjölgun íbúa og tilheyrandi uppbyggingarferli á innviðum og fjölskylduþjónustu."

"Markmið Sv. Árborgar í viðbrögðum við Covid-19 heimsfaraldurinn hefur verið að styðja við og styrkja efnahag, samfélag og þjónustu í sveitarfélaginu. Sveitarfélagið hefur axlað byrðar með ríkinu og má þar benda á gríðarlegan niðurskurð Jöfnunarsjóðsframlaga. Sveitarfélagið hefur einnig tekið á sig tekjulækkun og kostnaðarauka vegna sérstakra eigin aðgerða og utanaðkomandi aðstæðna. Sveitarfélagið Árborg hefur tekist á við félagsþjónustuverkefni Covid-19 af sérstökum krafti og starfar m.a. mjög náið með ráðuneytum að framfaraverkefnum á þessu



sviði. Heimsfaraldur Covid-19 hefur af framangreindum ástæðum leitt til hallaaukningar í ársreikningi upp á hartnær hálfan milljarð. Fjármagnsliðir hækka því til viðbótar verulega, vegna aukinnar verðbólgu og 10% árhækkunar launa, svo nemur 400 milljónum. Önnur sveitarfélög glímdu við sama verkefni og sést það víða með skýrum hætti í ársreikningum þeirra," segir enn fremur í tilkynningu frá sveitarfélaginu.

## Þórður Tómasson í Skógum 100 ára

Þórður Tómasson rithöfundur og fyrrverandi safnvörður Bygðasafnsins í Skógum í Rangárþingi eystra fagnaði 100 ára afmæli sínu þann 28. apríl 2021. Þórður fæddist í Vallnatúni og foreldrar hans voru þau Kristín Magnúsdóttir og Tómas Þórðarson sem voru bændur og voru systkinin fjögur talsins.

Þórður átti veg og vanda að uppbyggingu Skógasafns, eins stærsta bygðasafns á Íslandi, sem hefur notið gríðarlegra vinsælda meðal innlendra sem erlendra gesta í áraraddir og er ekkert lát þar á. Þórður tók persónulega á mótí gestum bygðasafnsins með orgelspili, söng og sagnalist í áraraddir.

Þórður hefur einnig verið gríðarlega ötull í útgáfumálum í gegnum árin og skrifað fjölda bóka um þjóðhætti, minja- og safnamál. Nú í tilefni aldarafmælis síns gefur hann út bókina Stóraborg, staður mannlífs og menningar sem á



án efa eftir að gleðja margan lesandann. Þórður er við góða heilsu og hefur frá mörgu að segja og er minni hans hvergi brigðult. Á meðfylgjandi mynd má sjá Lilju Einarsdóttur sveitarstjóra Rangárþings eystra færa Þórði Tómassyni virðingavott fyrir ómetanlegt framlag hans til menningar í sveitarfélaginu í áratugi. Móttökurnar voru ekki síðri en á safninu í tíð Þórðar þar sem hann hafði frá miklu að segja heima í stofu í blíðunni undir Eyjafjöllum.

## Byggingalóðir Lausar til umsóknar

Sveitarfélagið Hrunamannahreppur auglýsir til úthlutunar eftirtaldar lóðir á Flúðum




### Lausar íbúðarlóðir:

Ljónastígur 7 og 9, einbýli.



Túngata 5, 7 og 9, einbýli.



Högnastígur 7, 9 og 16 einbýli.



Lausar verulunar- og þjónustulóðir:  
Sneiðin 1.



Lausar iðnaðarlóðir:  
Iðjuslóð 4, 6, 8, 10, 12, 15 og 17.



Lóðunum er úthlutað skv. úthlutunarreglum fyrir Flúðir sem er hægt að nálgast á heimasíðu sveitarfélagsins [fludir.is](http://fludir.is). Umsóknareyðublöð fyrir byggingarlóðir á Flúðum er hægt að fá á skrifstofu Hrunamannahrepps eða heimasíðu sveitarfélagsins.

Öllum umsóknum skal skilað til skrifstofu sveitarfélagsins að Akurgerði 6, 845 Flúðum. Allar frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofu sveitarfélagsins í síma 480-6600 eða í netfang [hruni@fludir.is](mailto:hruni@fludir.is).



## SUNNULÆKJARSKÓLI

Við Sunnulækjarskóla á Selfossi eru lausar stöður kennara til umsóknar fyrir skólaárið 2021-2022.

Um er að ræða eftirtaldar stöður:

- Umsjónarkennari á miðstigi
- Kennari í tónmennt
- Sérkennari í 75% ráðningu til eins árs

Í Sunnulækjarskóla verða um 680 nemendur og þar er lögð áhersla á fjölbreytta kennsluhætti, einstaklingsmiðað nám, teymisvinnu kennara, ábyrgð nemenda og góða samvinnu allra sem að skólalastarfinu koma.

Í Sveitarfélaginu Árborg búa rúmlega 10 þúsund manns og lögð er áhersla á öflugt skóla- og frístundastarf og góða velferðarþjónustu. Skólar og aðrar deildir fjölskyldusviðs vinna að því að styrkja heildstæða nærþjónustu við börn, foreldra og skóla. Áhersla er lögð á snemmtækan stuðning, góð tengsl skóla og skólastiga og skólaþróunarverkefni sem unnin eru í anda lærdómssamfélagsins.

Umsóknarfrestur er til 10. maí 2021 en ráðið er í stöðurnar frá 1. ágúst 2021.

Nánari upplýsingar um störfín eru á ráðningarvef sveitarfélagsins [starf.arborg.is](http://starf.arborg.is).

Sækja þarf um stöðurnar á vef sveitarfélagsins, <http://starf.arborg.is>.

Skólastjóri

## Kjötvinnsla Sláturfélags Suðurlands á Hvolsvelli í 30 ár



Þann 1. maí árið 1991 var brotið blað í sögu Hvolsvallar en þá opnaði Sláturfélag Suðurlands (SS) glæsilega kjötvinnslu á Hvolsvelli og flutti þannig alfarið vinnslu sína frá Reykjavík. SS fagnar því 30 ára framleiðsluafmæli sínu á Hvolsvelli í dag.

SS átti húsnæði á Hvolsvelli, bæði frystihús sem félagið hafði byggt með Kaupfélagi Rangæinga (KR) sem og nýtt sláturhús sem starfaði einungis nokkrar vikur á hausti í sláturtíð ár hvert auk stórgripaslátrunar örfáa daga í mánuði hverjum. Fyrir var lítilsháttar starfsemi allan ársins hring í frystihúsi, sögun og pökkun frystivöru. Á þessum tíma hafði SS keypt hlut KR í frystihúsinu undir starfsemi sína.

Um þessar mundir hafði kviknað sú hugmynd að auka starfsemi SS á Hvolsvelli og nýta þannig húsnæðið betur. SS var þá á þeim tímamótum að þurfa að endurnýja húsnæði sitt í Reykjavík og hafði þegar hafði bygging húsnæðis í Laugardalnum. Forsenda flutninganna var að ríkið kæmi að málum og keypti upp eignir félagsins í Reykjavík. Á þessum tíma var Ísólfur Gylfi Pálmason sveitarstjóri Hvolhrepps og Steinþór Skúlason forstjóri SS, en samvinna þeirra var mikil og góð með það að markmiði að hugmyndin yrði að veruleika. Flutningarnir skiptu báða aðila miklu máli, enda SS í eigu bænda á Suðurlandi og með þessari framkvæmd væri verið að flytja starfsemi nær uppruna sínum.

Atvinnustarfsemi af þessari stærðargráðu hafði ekki verið áður á Hvolsvelli. Á þessum árum var skortur á atvinnu á svæðinu og kjötvinnslan yrði því mikil lyftistöng fyrir samfélagið enda stærsti vinnustaður sveitarfélagsins þá og enn þann dag í dag. Þennan dag fyrir 30 árum fluttu 100 ársverk á Hvolsvöll og munaði um minna á þeim tíma fyrir sveitarfélag af þeirri stærðargráðu sem það var þá.

Kjötvinnsla SS á Hvolsvelli dafnaði vel og fljótlega fór að þrengja að starfsemi enda umsvifin aukist mikið. Árið 1998 var því ráðist í viðbyggingu við húsnæðið. Á Hvolsvelli er nú stærsta kjötvinnsla landsins og er stærð fasteigna SS á Hvolsvelli um 10.000 m<sup>2</sup>. Nú 30 árum síðar hefur sölueld félagssins einnig flutt á Hvolsvöll sem og stór hluti skrifstofustarfseminnar. Nýjasta

viðbótin er svo búvöruverslun þar sem einnig er hægt að kaupa þeirra góðu sælkeravörur og nýta bæði heimamenn og ferðamenn sér það óspart að sækja sér eitthvað gott á matarborðið hvenær sem færi gefst.

Síðastliðin 30 ár hefur gróskan verið mikil á Hvolsvelli og hefur íbúum fjölgað um rúmlega 60%. Þjónusta og atvinnulíf hefur byggst upp og er fjölbreytt og spennandi og vafalaust á flutningur SS sinn þátt í þeirri þróun. Árið 2002 sameinuðust svo sex sveitarfélög í austanverðri Rangárvallasýslu og úr varð sveitarfélagið Rangárþing eystra og er Hvolsvöllur þéttbýliskjarni sveitarfélagsins. Þrátt fyrir sameiningu er SS enn stærsti vinnustaður sveitarfélagsins og hafa margir íbúar starfað þar í lengri eða styttri tíma. Fjöldi erlendra starfsmanna hefur komið og starfað hjá SS og á Hvolsvelli byggst upp fjölmenningsamfélag, enda fjöldi erlendra íbúa sest hér að, stofnað fjölskyldu og haft jákvæð áhrif á samfélagið í heild.

Það má með sanni segja að Sláturfélag Suðurlands sé burðarstólpi í atvinnu- og mannlífi Rangárþings eystra, því auk þess að vera stór atvinnurekandi hefur fyrirtækið stutt ötullega við bakið á íþrótt- og menningarstarfi í sveitarfélaginu. Stuðningurinn hefur bæði verið í formi fjármagns sem og framleiðsluvara. Það er orðin hefð fyrir því að grilla SS pylsur á vorhátíðum leik- og grunnskóla og knattspyrnuleikir eru hér spilaðir á SS-vellinum. Á Kjötsúpuháttíðinni, bæjarháttíð sveitarfélagsins, er það einnig orðin hefð að starfsmenn SS komi og deili út fjölmörgum skömmtum af gómsætri kjötsúpu og er það einn af hápunktum háttíðarinnar.

Það er augljóst að sambúð SS og Rangárþings eystra hafi dafnað vel. Gríðarlegur vöxtur hefur verið bæði á starfsemi SS sem og mannlífi í Rangárþingi eystra, en þar er nú eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði og byggingalóðum sem aldrei fyrr og uppbygging aldrei verið meiri. Framtíðin er björt í Rangárþingi eystra sem er heilsueflandi samfélag í stöðugri sókn.

Til hamingju með 30 ára samvistarafmæli SS og Rangárþings eystra!

Lilja Einarsdóttir,  
sveitarstjóri  
Rangárþings eystra.

# LÁTTU FAGFÓLK SELJA ÞÍNA EIGN



Guðný Guðmundsdóttir  
Löggiltur Fasteignasali  
gudny@domusnova.is

Sími: 821-6610

Sverrir Sigurjónsson  
Hdl.  
Löggiltur Fasteignasali  
sverrir@domusnova.is

Sími: 662 4422

Haukur Páll Ægisson  
Aðstoðarm. fasteignasala,  
í löggildingarnámi  
hp@domusnova.is  
Sími: 772 9970

## DOMUSNOVA


### Fasteignasala

AUSTURVEGI 6 SELFOSSI - SÍMI 527 1717 - WWW.DOMUSNOVA.IS



Hrunamannahreppur


## Miðsvæði M2 á Flúðum



Lóðir til úthlutunar í landi  
Grafar

Hrunamannahreppur auglýsir til úthlutunar átta íbúðarhúsalóðir við Birkihlíð og eina verslunar- og þjónustulóð við Reynihlíð. Aðgengi að miðsvæðinu er frá Hvammsvegi og stutt er í helstu þjónustu á Flúðum; grunnskóla, leikskóla, íþróttahús, verslun og stjórnsýslu. Til úthlutunar eru raðhús, parhús og einbýli á tveimur hæðum og raðhús og einbýli á einni hæð við Birkihlíð. Á verslunar- og þjónustulóð við Reynihlíð er gert ráð fyrir húsi á tveimur hæðum, þar sem heimild er fyrir íbúð á efri hæð.

Lóðunum er úthlutað skv. úthlutunarreglum fyrir Flúðir sem hægt er að nálgast á heimasíðu sveitarfélagsins [fludir.is](http://fludir.is) og umsóknareyðublöð fyrir byggingarlóðir einnig. Umsóknarfrestur er til 14. maí og skila skal umsóknum á netfangið [hruni@fludir.is](mailto:hruni@fludir.is). Nánari upplýsingar í s.480 6600.





## Eldstó Art Café

OPNAR

fimmtudaginn 6. maí.

Opið frá kl. 12 - 21.

Miðvikudag, fimmtudag,  
föstudag, laugardag og sunnudag.

Hlökkum til að sjá þig.

Sími 482 1011 | [eldsto.is](http://eldsto.is) | Hvolsvelli

## Starfskraftur óskast

Óska eftir starfsmanni í símsvörun, afgreiðslu og létt þrif í Landeyjahöfn, einnig starfsmann í hafnarvörslu.

Framtíðarstarf og/eða afleysingarstarf.  
Vaktavinna.

### Hæfniskröfur:

- Góð tölvukunnátta
- Góð enskukunnátta
- Ríka þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum.

Eldri en 22 ára.

Umsókn ásamt ferilskrá sendist á [annaa@simnet.is](mailto:annaa@simnet.is).



Sýslumaðurinn á Suðurlandi

## UPPBOÐ

Einnig birt á [www.naudungarsolur.is](http://www.naudungarsolur.is).  
Eftirtalin ökutæki verða boðin upp  
að Hörðuvöllum 1, Selfossi,  
föstudaginn 7. maí 2021, kl. 14.30.

Volvo, Fl611 4X2, árgerð 1995, fnr. BB-242

Ford, Fiesta, árgerð 2015, fnr. IN-D98

Kaupverð er einungis hægt að greiða  
með debetkorti, millifærslu eða reiðufé.

Greiðsla við hamarshögg.

Sýslumaðurinn á Suðurlandi  
29. apríl 2021

# Barion opnar á Laugarvatni

Spennandi breytingar eru að verða í Krambúðinni á Laugarvatni þar sem veitingastaðurinn Barion, í eigu Sigmars Vilhjálmssonar, mun opna snemma í sumar. Samkaup og Barion gerðu með sér samning um opnun á veitingastaðnum í versluninni en um er að ræða minni útgáfu af Barion þar sem vinsælustu réttirnir verða á boðstólum.

Gunnar Egill Sigurðsson, framkvæmdastjóri verslunar-sviðs Samkaupa sagði um málið að unnið væri að endurbótum á veitingasölu um allt land. „Samstarf okkar við Barion og Hlöllabáta hefur gengið vel og því var það rökrétt að leita til þeirra með endurbætur á veitingasölu félagsins. Við rekum veitingastaði víða um land og opnun Barion á Laugarvatni er tilraun okkar í að innleiða aukin gæði á okkar stöðum og koma með nýjan og spennandi matseðil.“

### Eftirspurn eftir nýjungum mikil

„Það er okkur mikill heiður að Samkaup skuli vilja vinna þetta verkefni með okkur. Ég lít á það sem mikla viðurkenningu fyrir starfsfólk okkar og Barion vörumerkið. Metnaður Samkaupa í að auka gæðin á sínum



veitingastöðum er mikill og rímar alveg við þann metnað sem við höfum lagt upp með á okkar stöðum. Sem landsbyggðarmaður þá veit ég að eftirspurn eftir nýjum og spennandi hlutum er mikil, svo ekki sé talað um innlenda og erlenda ferðamenn sem kallað hafa eftir meiri fjölbreytni á ferð sinni um landið, segir Sigmar Vilhjálmsson.“

### Vonar að vel verði tekið í breytingarnar

„Á Laugarvatni er ansi hátt hlutfall af fasta viðskiptavinum sem nýta sér okkar þjónustu.

Sumarbústaðabyggðirnar, ferðamenn, íbúar og starfsmenn sem þjónusta fyrirtæki í nágrenninu. Fyrir nokkru gerðum við könnun meðal þessara viðskiptavina og sá matseðill sem við ætlum að bjóða uppá á að mæta þeim væntingum sem settar voru fram. Það er trú okkar að þessum breytingum verði fagnað af þeim sem og ferðamönnum sem fara þarna um í tug þúsunda tali á hverju sumri,“ segir Haukur Benediktsson, rekstrarstjóri Krambúða. Framkvæmdir eru þegar hafnar á staðnum og stefnt er að opnun Barion Laugarvatni snemma sumars.

## Aðgengismál í Rangárþingi ytra til skoðunar

Brandur Bjarnason Karlsson kom til fundar við sveitarstjóra og markaðs- og kynningarfulltrúa Rangárþings ytra í vikunni til þess að ræða aðgengismál á Hellu. Brandur er frumkvöðull, listamaður og baráttumaður fyrir réttindum fatlaðra. Brandur hefur verið lamaður fyrir neðan háls í um áratug og er þekktur fyrir ferðir hans um landið þar sem hann vekur athygli á aðgengismálum fatlaðra.

Fundurinn var frábær og nauðsynlegur til að minna okkur á hvað skert aðgengi getur verið hamlandi og hreinlega hindrað einstaklinga til þátttöku í samfélaginu. Brandur lagði fram þrjár opnar spurningar á fundinum:

1. Hver er staða aðgengismála í Rangárþingi ytra?
2. Hvaða verkefni eru í framkvæmd eða fyrirhuguð til að bæta úr aðgengi?
3. Hvaða fyrirstöður hafið þið upplifað fyrir því að koma aðgengis umbótum í gegn?

Góð umræða var í kringum spurningar Brands en í framhaldi stendur til að gera úrbótaáætlun yfir það sem betur má fara í sveitarfélaginu. Brandur er einnig reiðubúinn að vera sveitarfélaginu innan handar hvað varðar aðgengismál í framtíðarverkefnum.

Aðgengismál snerta alla og eru brýnt viðfangsefni. Ef íbúar eða gestir sveitarfélagsins verða varir við staði þar sem úrbóta er



Mynd: F.v. Eiríkur Vilhelm Sigurðarson, markaðs- og kynningarfulltrúi, Brandur Bjarnason Karlsson, frumkvöðull, listamaður og baráttumaður fyrir réttindum fatlaðra og Ágúst Sigurðsson sveitarstjóri Rangárþingi ytra.

þörf þá er hægt að fylla út form á heimasíðunni og unnið verður úr öllum ábendingum, einnig má senda póst á [ry@ry.is](mailto:ry@ry.is).

Núna er Brandur að skipuleggja herferð til þess að vekja athygli á málstaðnum fyrir bætt aðgengi fólks með hreyfihamlanir.

Til að safna fé fyrir þetta mikilvæga verkefni hans eru til sölu bolir sem stendur á „Velkomin/n aðgengi fyrir alla!“ en einnig er tekið á móti frjálsum

framlögum. Fyrir fyrirtæki sem panta yfir 5 boli fær viðkomandi lógó fyrirtækisins á bolinn. Til þess að panta boli er bara að leggja 5000 kr. inn á reikninginn og senda email á [brassi@brassi.is](mailto:brassi@brassi.is) með fjölda og stærð bola sem þú vilt.

Upplýsingar um reikninginn eru:

Kennitala: 020182-3779

Reikningsnúmer:

515-14-412345.



## SUMARSTÖRF Á OLÍS SELFOSSI

Olís Selfossi óskar eftir að ráða traust fólk til sumarstarfa á líflegan vinnustað. Annarsvegar vaktstjóra á næturvaktir í júní, júlí og ágúst – hinsvegar fólk á dagvaktir 8-17. Störfin felast í almennri afgreiðslu, vörumóttöku, áfyllingu, þrifum, þjónustu við viðskiptavini og öðru tilfallandi.

### Hæfniskröfur

- Snyrtimennska, reglusemi, jákvæðni, dugnaður, þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Vaktstjóri á næturvöktum þarf að hafa náð 20 ára aldri og búa yfir ábyrgð og skipulagshæfileikum.

Sótt er um á [olis.is](https://olis.is).  
**Umsóknarfrestur er til og með 9. maí.**  
Nánari upplýsingar hjá útibússtjóra.

## LÍFLEGUR VINNUSTAÐUR



JAFNLAUNAVOTTUN  
2019-2022

Hjá Olís er lögð áhersla á góðan aðbúnað starfsfólks, stuðning til náms og heilsu- eflingar, heiðarleika í samskiptum, snyrtimennsku og fagleg vinnubrögð.



Vinur við veginn



## SUMARSTÖRF Í REKSTRARLANDI Á SELFOSSI

Rekstrarland á Selfossi óskar eftir að ráða fólk í afleysingar yfir sumarmánuðina við almenna afgreiðslu, áfyllingar, tiltekt og annað sem til fellur.

### Hæfniskröfur

- Þjónustulund, snyrtimennska, reglusemi, stundvísi og samskiptafærni. Vinnutími er alla virka daga 8-18 nema föstudaga 8-17.

Umsóknir sendist til [frida@olis.is](mailto:frida@olis.is).  
**Umsóknarfrestur er til og með 9. maí.**  
Nánari upplýsingar hjá útibússtjóra.

## VIÐ LEITUM AÐ TRAUSTU STARFSFÓLKI

Rekstrarland er verslun með fjölbreytta tengingu við allar helstu atvinnugreinar. Þar fást gæðavörur fyrir heimili, einstaklinga, iðnað, landbúnað og sjávarútveg.

Rekstrarland | Austurvegi 69 | 800 Selfossi | 480 1306 | [rekstrarland.is](https://rekstrarland.is)



REKSTRARLAND





## Sylvía tekur tímabundið við starfi sveitarstjóra

Á fundi sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps lagði oddviti fram þá tillögu að rætt yrði við Silvíu Karen Heimisdóttur, aðalbókara sveitarfélagsins um að taka tímabundið við verkefnum sveitarstjóra. Kristófer Tómasson, fráfaramandi sveitarstjóri mun sinna starfi fram að mánaðarmótum. Oddviti og varaoddviti munu að auki taka við hluta af þeim verkefnum sem hafa verið á hendi sveitarstjóra. Verkskipting verður tilgreind fljótlega. Þá mun Hrönn Jónasdóttir, þjónustufulltrúi fara úr hálfu í fullt starf þann 1. júní nk. -gpp



lega. Þá mun Hrönn Jónasdóttir, þjónustufulltrúi fara úr hálfu í fullt starf þann 1. júní nk. -gpp



### LAUS STAÐA HJÁ SELFLOSSVEITUM

Selfossveitur reka hita- og vatnsveitu Sveitarfélagsins Árborgar. Fyrirtækið er til húsa að Austurvegi 67.

Selfossveitur óska eftir starfsmanni á sviði hita- og vatnsveitu. Starfið hefur starfsheitið *Vaktmaður* og heyrir undir verkstjóra vatns- og hitaveitu.

#### Ábyrgðar- og starfssvið:

Hita- og vatnsveita:

- Öll almenn störf vegna nýframkvæmda, viðhalds, reksturs og þjónustu. Verkbættir eru m.a. við:
  - Vatns- og orkuöflun
  - Rekstur dælu- og stjórnstöðvar
  - Dreifingu
  - Þjónustu
- Starfsmaður vinnur bakvaktir utan venjulegs dagvinnutíma og sinnir vaktþjónustu/bilanþjónustu:
  - Móttaka bilanatilkynninga frá vaktkerfi og notendum. Úrvinnsla þeirra og skráning.
  - Eftirlit með rekstri veitukerfanna

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Iðnmenntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla og þekking á veitustarfsemi er kostur.
- Hafi góða þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og skipulagshæfni
- Ensku- og tölvukunnátta æskileg

Frekari upplýsingar um starfið veitir Sigurður Þór Haraldsson í síma 480 1500 eða netfang sigurdur@arborg.is. Umsóknarfrestur er til 14. maí 2021. Sótt er um starfið á ráðningarvef sveitarfélagsins <http://starf.arborg.is>.

## Starfsmaður Framkvæmda- og veitusviðs



Sveitarfélagið Bláskógabyggð auglýsir stöðu húsvarðar á Framkvæmda- og veitusviði lausa til umsóknar. Starfsstöð er í Aratungu, Reykholti. Bláskógabyggð leggur áherslu á að veita góða þjónustu og leitar að öflugum og metnaðarfullum einstaklingi í starfið.

Við hvetjum einstaklinga óháð kyni til að sækja um starfið.

#### Meginverkefni:

- Verkefni sem snúa að húsvörslu og eftirliti með eignum Bláskógabyggðar.
- Viðhalds- og framkvæmdaverkefni sem falla undir Framkvæmda- og veitusvið.

#### Menntunar og hæfniskröfur:

- Iðnaðarmenntun sem nýtist starfi
- Reynsla af viðhaldi húsnæðis. Þekking og reynsla af sambærilegum verkefnum.
- Stundvís og reglusemi og færni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð, góð yfirsýn.
- Nákvæmni og skilvirkni í starfi.
- Þekking á lögum og reglugerðum sem tengjast verkefni starfsmanns.

Um er að ræða fullt starf. Laun og starfskjör samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur er til og með 16. maí 2021 en umsóknir og fyrirspurnir skulu berast til sviðsstjóra á netfangið [bjarni@blaskogabyggd.is](mailto:bjarni@blaskogabyggd.is) merkt „húsvörður 2021“.

## Kerhólsskóli



GRÍMSNES- OG  
GRAFNINGSHREPPUR

### Kerhólsskóli auglýsir eftir kennurum skólaárið 2021-2022.

Í skólanum eru rúmlega sjötíu nemendur frá eins árs og upp í 10. bekk. Í Kerhólsskóla er lögð áhersla á einstaklingsmiðað nám, teymiskennslu og útinám. Unnið er samkvæmt hugmyndafræði „Uppeldi til ábyrgðar“. Leitað er að sjálfstæðu og drífandi fólki með mikla þekkingu og áhuga á skólastarfi.

#### Eftirtaldir stöður eru lausar til umsóknar:

- List og verkgreinakennari í 100% starf
- Leikskólakennarar í 100% starf
- Heimilisfræðikennari í öllum árgöngum í 32% starf.

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leyfisbréf sem kennari
- Frumkvæði og skipulögð vinnubrögð
- Góð hæfni í samskiptum
- Færni í að vinna í teymum og að fjölbreyttum verkefnum.
- Þekking á Uppeldi til ábyrgðar er kostur.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

Umsókn um störfin skal fylgja skrá yfir menntun og starfsferil og afrit af leyfisbréfi, kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar með rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið og upplýsingar um umsagnar- aðila. Fólki af öllum kynjum er hvatt til að sækja um.

Umsóknarfrestur er til og með 15. maí 2021. Nánari upplýsingar veitir Jóna Björg Jónsdóttir, skólastjóri í síma 480 5520 og [jonabjorg@kerholsskoli.is](mailto:jonabjorg@kerholsskoli.is).

Umsóknir sendist á netfangið [jonabjorg@kerholsskoli.is](mailto:jonabjorg@kerholsskoli.is).

## FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG  
ÁRNESÝSLU**  
Símatími alla virka daga  
frá kl. 13:00 til kl. 16:00  
sími 788 0300.

**Al-Anon Selfossi**  
Al-Anon fundir á þriðjudögum  
kl. 20:00, nýliðafundur  
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

**Al-Anon**  
Al-Anon fundur - Einn dagur  
í einu. Laugardagsmorgnum  
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

**AA**  
Mán. kl. 21 - AA fundur  
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur  
Þrið. kl. 19 - AA konufundur  
Mjð. kl. 19:30 - AA fundur  
Mjð. kl. 21 - AA fundur  
Fim. kl. 20 - AA karlafundur  
Fös. kl. 20:30 - AA fundur  
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur  
Sun. kl. 11 - AA fundur  
Sun. kl. 14 - PPG opinn fundur  
Sun. kl. 21 - AA fundur  
AA Hrísholti 8, Selfossi.  
Nánari upplýsingar á aa.is.

**AA Spörgöngufólk f. alla**  
Bókasafn  
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn  
Klukkan 11-12 sunnudag.

**AA opin fundur f. alla**  
Kirkjan kjallari  
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn  
Klukkan 20:00 fimmtudag.

**OA**  
Áttu erfitt með að hætta að  
borða? OA 12 spora fundir  
Overeaters Anonymus alla  
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

**CoDA**  
Bataleið frá meðvirkni  
Fundir alla laugardaga  
kl. 10:30.  
Hrísholti 8, Selfossi.  
Nánari upplýsingar á coda.is.

**Leiðin út á Þjóðveg**  
Fundir í Rauðakrosshúsinu  
Hveragerði, efri hæð,  
fimmtudaga kl. 20:30.

## TIL SÖLU

**Sturtubotn**  
Sturtubotn til sölu. 150x90 og  
gler. Uppl. í síma 899 9680 eða  
899 9679.

## BÍLAR

**KIETTUN**  
Bifreiðaverkstæði

Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi

Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og  
almennar bílavíðgerðir.  
Hjólástillingar



Dekkja- og smurþjónusta  
Sími 482 4069

**AB SKÁLINN**  
Gagnheiði 11  
800 Selfossi  
Sími 482 2200  
GSM 894 2277  
Fax 482 2777  
Yfirbyggingar - Réttingar  
Bílamálun - Rúðuskipti

## ÞJÓNUSTA

**BR FLUTNINGAR**

S: 662-1122  
Daglegar ferðir  
SELFOSS - REYKJAVÍK  
SUÐURLAND

**ICECOOL**

Bifreiða- og breytingaverkstæði  
Gagnheiði 51, Selfossi  
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

**KJARNABÓKHALD**

Bókhald • Framtöl • Skattskil  
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss  
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

**Hjá Maddy ehf.**

Eyravegi 27 - 800 Selfoss  
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf  
skattskil

Þjónusta við  
einstaklinga og  
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

**LJÓSMYNDAR  
PRENTUN**

Allar algengustu  
stærðirnar

Sendu okkur myndirnar eða  
komdu með þær á USB-lykli

**prentmet**  
heilðarlausnir í prentun

Sími 482 1944 | selfoss@prentmetoddi.is

## KIRKJUR

**Skálholtsdómkirkja**  
Messa sunnudag kl. 11.00.  
Prestur sr. Egill Hallgrímsson.  
Organisti Jón Bjarnason.

## Aðventistar

Safnaðarheimili aðventista,  
Eyravegi 67, Selfossi, 8. maí.  
Bibliulexiur kl. 11 og guðspjón-  
usta kl. 12, ræðu hefur Eric  
Guðmundsson. Streymi verður  
einnig haldið áfram frá  
Aðventkirkjunni í Reykjavík, sjá  
Youtube og Adventkirkjan.  
Verið velkomin.

# Kirkjubæjarskóli fékk 800 þús úr Sprotasjóði

Kirkjubæjarskóli hefur, í samstarfi við ráðgjafa- og rannsóknafyrirtækið RORUM ehf., fengið styrk frá Sprotasjóði að upphæð kr. 800.000 fyrir þróunarverkefnið *Staðarvitund og geta til aðgerða - leiðir til að skapa lærdómssamfélag í grunnskóla í brothættri byggð*.

Markmið verkefnisins er að þróa aðferðir, byggða á hugmyndafræðinni um staðarnálgun og sjálfbærnimenntun til að styrkja nemendur sem virka þátttakendur og gerendur í sköpun lærdómssamfélags sem miðar að því að gera þá að fullgildum þátttakendum við gerð samfélagsáætlana í brothættri byggð. Mikilvægt er að til þess að samfélag, sem skilgreint hefur verið sem brothætt, og allir íbúar þess geti náð þeim framtíðarmarkmiðum að blómstra. Því er nauðsynlegt að gefa nemendum rými til að koma að gerð áætlana samfélagsins. Séu nemendur virkir þátttakendur er líklegur að þeir þrói með sér staðarvitund og séu þess vegna líklegir



Nemendur Kirkjubæjarskóla í Kirkjubæjarstofu. Mynd: LM.

til að vilja búa í samfélaginu sem fullorðnir einstaklingar. Afrakstur verkefnisins eru aðferðir og skipulag sem nýst geta skólum til að efla sitt samfélagslega hlutverk og mótun framtíðarstefnu þar sem nemendur eru eflir til að verða virkir þátttakendur og gerendur. Vinnan fer fram í tveimur þemavikum, þar sem fyrst er unnið með verkefni sem þjálfu getu nemenda til aðgerða og er tengt sjálfbærnimenntun og heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Síðan verður unnið með verkefni sem miðar að

því að efla staðartengsl og staðarvitund. Verkefnið hefst í haust með því að Anna Guðrún Edvarðsdóttir, verkefnastjóri, sérfræðingur hjá RORUM heldur vinnustofu með starfsfólki Kirkjubæjarskóla þar sem verkefnið verður undirbúið. Anna Guðrún er með doktorsgráðu í menntunarfræðum og hefur langa reynslu sem kennari á grunn-, framhalds- og háskólastigi auk stjórnunar í grunnskóla. Þá hefur hún tekið þátt og stýrt rannsóknar- og þróunarverkefnum.

## Sunnlenskir áfangastaðir þeir fyrstu í Vörðu

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, kynnti í dag nýja heildstæða nálgun áfangastaðastjórnunar: Vörðu. Fyrstu áfangastaðirnir sem hefja ferli til að verða Vörður eru Gullfoss, Geysir, Þingvallapjóðgarður og Jökulsárlón.

Með Vörðu verða lögð drög að fyrirmyndaráfangastöðum og verða Vörður áfangastaðir á Íslandi sem teljast einstakir á lands- eða heimsvísu. Meginaðráttarafl þeirra eru náttúrufrýrbærni og/eða menningarsögulegar minjar sem mynda sérstætt landslag eða landslagsheildir.

„Heitið Vörða byggir á þeim fjölmörgu vörðum sem finnast í íslenskri náttúru. Vörður eru vel þekktar og hluti af ímynd Íslands. Vörður geyma sögu og arfleifð. Þær eru hlaðnar úr staðarefni, tengjast umhverfinu, vísa veginn í átt að áfangastað og mynda leiðakerfi,“ segir Þórdís Kolbrún. „Vörður verða markaðssettar til íslenskra og erlendra ferðamanna og er ætlunin að úr verði þekkt merki sem ferðamenn leita uppi við skipulagningu á ferðalögum sínum. Vörðum er ætlað að leiða ferðamenn áfram á leið sinni um landið og jafnframt að vera öðrum áfangastöðum fyrirmynd um stjórnun, umsjón, skipulag, aðbúnað, þjónustu, náttúruvernd, öryggi og annað sem varðar móttöku ferðamanna.“



### Unnið að sjálfbærni í áfangastöðum sem verða að Vörðum

Þeir áfangastaðir sem verða að Vörðum eru fjölsóttir áfangastaðir sem ferðamenn sækja heim allt árið um kring. Við umsjón þeirra er unnið að sjálfbærni á öllum sviðum, umhverfislegri, samfélagslegri og efnahagslegri. Staðirnir þurfa að sýna fram á langtímaskuldbindingu til þess að framfylgja skilgreindum viðmiðum við stjórnun og skipulagningu m.a. hvað varðar hönnun innviða, aðgengi, fræðslu, öryggi, álagsstýringu, stafræna innviði o.fl. Vörður geta verið staðir þar sem töluverðir innviðir eru þegar til staðar. Þar geta verið takmarkaðir möguleikar á því að breyta því sem þegar hefur verið framkvæmt sem og mynstur ferðahegðunar. Miklir efnahagslegir hagsmunir

geta verið til staðar sem hafa byggst upp yfir tíma. Því er oft meiri áskorun (tæknilega, fjárhagslega og menningarlega) og tímafrekarar að þróa þá í átt að Vörðum. Vörður geta hins vegar líka verið staðir þar sem takmarkaðir eða engir innviðir eru til staðar. Á slíkum stöðum er tækifæri til að stýra þróuninni í sjálfbæra átt frá fyrstu stigum og byggja upp fjölbreytta upplifun með næmni fyrir staðaranda.

### 700 milljónir í upphafi verkefnisins

Til stendur að verja 700 milljónum í verkefnið að svo stöddu, 300 milljónum króna árið 2021 og 200 milljónum árin 2022 og 2023. Stefnt er að því að á árinu 2022 verði opnað á að fleiri staðir, m.a. staðir í eigu einkaaðila, geti sótt um aðild að kerfinu.



## Verslunin Ilmurinn opnar á Selfossi

Ilmurinn er vefverslun sem hefur verið starfrækt við góðan orðstír í rúm tvö ár. Ásthildur Þorsteinsdóttir, eigandi og stofnandi Ilmsins ætlar nú að opna verslunina í raunheiminum að Eyravegi 65. „Við opnuðum þann fyrsta maí sl. Fyrst um sinn verður opið á miðvikudögum frá 15-18 og á laugardögum frá 12 – 16.

### Áhersla á öruggar og fallegar ilmvörur

Ilmurinn framleiðir og flytur inn allskonar ilmvörur. „Ég vel vörurnar sérstaklega með það í huga í þær séu notuð sem mest náttúruleg hráefni, minna plast og ekki prófað á dýrum. Í versluninni verður lögð áhersla á að vörurnar séu öruggar, fallegar og fólk fái persónulega og

góða þjónustu.“ Hluti af vörum í versluninni eru framleiddar af Ásthildi, meðal annars ilmvaax, ilmstrá og annað sem hún gerir sjálf úr hágæða hráefnum.

### Ástríðan er fyrir ilmvörum

Ásthildur hefur ástríðu fyrir ilmvörum og sérstaklega öruggum ilmvörum, þar sem eftir að hún eignaðist börnin sín tvö þá fór hún að huga að innihaldi í ilmvörum sem hún var að nota, og kom í ljós að þær eru ekki allar náttúruvænar eða öruggar, reyndar mjög fáar. Hún flutti út til Spánar með fjölskylduna í eitt og hálf ár og kynntist þar vörum sem hún kolféll fyrir. Kertavax hitarar sem hita ilmandi vaxkubba á lágu hitastigi svo börnin voru ekki að brenna sig með því að koma við þetta. *-gpp*

## Tilboð í frumhönnun á frístundamiðstöð samþykkt

Sveitarfélagið Árborg hefur, S að loknu útboði, samþykkt tilboð VBS verkfræðistofu og Yrki arkitekta í frumhönnun á nýrri frístundamiðstöð sem rísa á við Selfossvöll. Tilboðin voru tekin fyrir á fundi frístunda- og menningarnefndar og samþykkt að ganga til samninga við lægstbjóðanda. Tvö tilboð bárust. Annað var frá VSÓ ráðgjöf upp á tæpar 66 m. kr. VSB – Verkfræðistofa og Yrki arkitektaur buðu tæpar 53 m. kr. Þess ber að geta að bjóðendur gerðu tilboð í alla þrjá áfanga verksins auk mögulegra viðbótarverka.

VSB verkfræðistofa og Yrki arkitektaur skiluðu inn lægra tilboði og reyndist það eftir yfirferð vera kr. 13.912.808 fyrir 1. áfanga en í áætlun eru fjárheimildir fyrir kr. 28.000.000.

Til nánari útskýringar þá var í útboði óskað eftir að tilboðsgjafar legðu fram tilboð í alla þrjá áfanga verksins auk mögulegra viðbótarverka. Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar þarf eftir lok 1. áfanga að taka ákvörðun um hvort haldið verði áfram í næstu áfanga sem og veita mögulegar fjárheimildir. Verði samþykkt að fara í



2. og 3. áfanga er tilboð VSB og Yrki, fyrir utan möguleg viðbótarverk, 103% af kostnaðaráætlun eða kr. 48.047.756 en áætlun er kr. 46.750.000.

### Hvað er frístundamiðstöð?

Grunnhugmyndin að frístundamiðstöðinni á Selfossi er að búa til aðstöðu og umhverfi til að bæta frístundaþjónustuna við íbúa og bjóða upp á enn fjölbreyttari möguleika en standa nú til boða. Sveitarfélagið Árborg styður vel við íþrótt- og frístundastarfið á svæðinu og stefna bæjarstjórnar Árborgar hefur verið að finna leiðir til að bæta starfseminna, nýta fjármagn vel og skilgreina framtíðarsýnina með skipulagðri uppbyggingu mannvirkja og

heildarstarfseminnar fremur en skammtímalausna. Með byggingu frístundamiðstöðvar væru margar stofnanir sem sinna frístundastarfi sameinaðar á einum stað sem eykur m.a. hagræðingu í rekstri, faglega samvinnu og framboð á þjónustu. Til yrði aðstaða fyrir frístundastarf án aðgreiningar, þar sem mismunandi hópar barna og fullorðinna koma saman og veita hvort öðru stuðning og fræðslu.

Meginmarkmiðið er að byggja hagkvæma og vel útfærða byggingu sem mætir þörfum metnaðarfulls frístundastarfs og skipulag verði með þeim hætti að samnýting á milli stofnana verði góð.



Sveitarfélagið  
**ÁRBORG**  
www.arborg.is

## Ný og áhugaverð sumarstörf fyrir námsmenn

Sveitarfélagið Árborg auglýsir ný og áhugaverð sumarstörf laus til umsóknar fyrir námsmenn 18. ára og eldri. Störfín eru hluti af átaksverkefni stjórnvalda um að fjölga tímabundnum störfum fyrir námsmenn í sumar.

Um er að ræða störf sem stuðla að nýsköpun innan sveitarfélagsins og fela í sér tækifæri fyrir námsmenn til að öðlast starfsreynslu á sínu fagsviði, t.d. fyrir nema í tölvunarfræði, sjúkrahjálfun, lögfræði, hönnun, garðyrkjufræði, verkfræði, tæknifræði, byggingafræði, félagsfræði, viðskiptafræði, ferðamálafræði, tómstunda- og félagsmálfræði, sagnfræði og mannauðsstjórnun:

- > Vefsíðugerð og tenging kerfa
- > Aukin virkni eldri borgara
- > Félagsstarf eldri borgara
- > Skjalavarsla hjá félagsþjónustu
- > Yfirferð á reglum sveitarfélagsins
- > Hönnun opinna svæða og nýfræm kvæmda
- > Úttektir og umbætur á leiksvæðum
- > Afstemmingar
- > Skráning gagna hjá skipulagsdeild
- > Markaðsferlar og ferðaþjónusta
- > Mannauðsferlar og rafrænt fræðsluefni
- > Kortlagning þátttöku barna af erlendum uppruna



**Umsóknarfrestur er til og með 12. maí 2021** Skilyrði fyrir ráðningu er að námsmenn séu skráðir í nám að hausti 2021 eða skráðir í nám á vorönn 2021. Ráðningartími er 2,5 mánuður að hámarki. Nánari upplýsingar á ráðningarvef sveitarfélagsins: [starf.arborg.is](http://starf.arborg.is)



## 100 ára afmæli Þórðar í Skógum



Þórður afhendir hr. Guðna Th. Jóhannessyni, forseta Íslands áritað eintak af bókinni Stórborg undir Eyjafjöllum.

Í tilefni af 100 ára afmæli Þórðar Tómassonar í Skógum þann 28. apríl síðastliðinn var efnt til samkomu honum til heiðurs í Skógasafni. Samkoman var fámenn enda þurfti að gæta að sóttvörnum og passa að ekki kæmu fleiri saman en tuttugu manns.

Ingvar Pétur Guðbjörnsson formaður stjórnar Skógasafns bauð gesti velkomna og færði Þórði vatnslitamálað heiðurskjal fyrir ævistarf hans í þágu safnsins og varðveislú íslenskrar þjóðmenningar. Heiðurskjalið var unnið af Þórhildi Jónsdóttur frá Lambey, ríkulega myndskreytt af munum safnsins þar sem áttæringurinn Pétursey er í öndvegi. Heiðurskjalið var afhent Þórði fyrir hönd eigenda, stjórnar og starfsmanna safnsins. Því næst tók Ágúst Sigurðsson formaður Oddafélagsins til máls og flutti Þórði heillaóskir félagsmanna og sæmdi hann fyrsta gullmerki félagsins í heiðurs- og þakklætisskyni fyrir störf sín við

söfnun, varðveislú og miðlun menningarminja. Þá flutti Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands Þórði fagrar kveðjur um störf hans og færði honum þakkir fyrir hönd íslensku þjóðarinnar. Margrét Hallgrímsdóttir, þjóðminjavörður, færði Þórði blóm-vönd frá forsætisráðherra og safninu veglega bókagjöf í tilefni af afmælinu og kveðjur frá starfsfólki Þjóðminjasafnsins. Þórður Tómasson tók að lokum til máls og fjallaði um köllun sína í lífinu til að láta á sér kræla við björgun fornrar menningar frá eyðingu og ævistarf sitt í þágu íslensku þjóðarinnar. Að því loknu afhenti Þórður forsetanum áritað eintak af nýjustu bók sinni um Stórborg undir Eyjafjöllum og gestum var boðið að þiggja kaffiveitingar í Samgöngusafninu. Þar tók Þór Magnússon fyrrum þjóðminjavörður til máls og sagði frá kynnum sínum við Þórð og vináttu þeirra í gegnum áratugina. Þjóðin öll, en við

Sunnlendingar sérstaklega, eigum Þórði í Skógum mikið að þakka og fögnum með honum á þessum merku tímamótum.

Andri Guðmundsson, forstöðumaður Skógasafns.



Ágúst Sigurðsson formaður Oddafélagsins afhenti Þórði heiðurskjal og sæmdi hann fyrsta gullmerki félagsins.

**Lagnabjónustan ehf**  
 Pípulagnir - Efnissala  
 482 2311 ☎ 696 2311  
 Skrifstofa Þjónustusími

**GRAFA SMÁ?**  
 SMÁGRÖFUR TIL LEIGU  
 Í GRÍMSNESI OG NÁGRENNI  
 GROFULEIGA.IS  
 S. 695 1446

**VANTAR ÞIG IÐNAÐARMENN**  
 FAGVERK EIGNAUMSIÓN  
 TRÉSMÍÐAR • PÍPULAGNIR  
 RAFVIRKJUN • MÚRVERK  
 MÁLUN • SÓLPALLAR  
 HELLULAGNIR • VÉLALEIGA  
 Sími 561 8080 • fverk@fverk.is

**Tækniþjónusta Suðurlands ehf. Selfossi**  
 Sjónvarpskerfi fyrir hótél og gistihús  
 Öryggiskerfi  
 Efirlitsmyndavélakerfi  
 Hljóðkerfi  
 Símkarfi o.fl.  
 Sérhæfing - Þekking - Reynsla  
 Gunnar Guðmundsson sími 694 4922  
 Vílmundur Sigurðsson sími 779 6777

**FROST**  
 KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI  
 HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA  
 HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

**expert kæling**  
 Sími 660 2970  
 Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum  
 Ísskápaþvöðgerðir - Almennar raflagnir

Bílasprautun - Bílaréttingar  
 Bílrúðuskipti  
**Bilverk BA**  
 - þar sem fagmennirnir vinna  
 ★★★★★ Vottað verkstæði  
 Gagnheiði 3 - Selfossi  
 Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

**D-H BÓKHALD**  
 ✓ Bókhaldsþjónusta  
 ✓ Skattskil  
 ✓ Stofnun fyrirtækja  
 ✓ Framtöl og ársreikningar  
 ✓ Fyrirtækjaráðgjöf  
 Dagbjört Hannesdóttir  
 MACC / viðskiptafræði  
 dhbokhald@gmail.com  
 s. 6933708

**Rétting og málun**  
 Vottað réttिंगaverkstæði  
 Cabas tjonaskoðun  
 Breiðumýri 1, Selfossi  
 ☎ 480 8020

**FYLGD** Útfararþjónusta  
 Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson  
 Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar  
 Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

**NÝTT** Vinnuvélanámskeið á netinu!  
 www.vinnuvelaskolinn.is

BRACAF VINÁTTU!  
**BYKO** Selfossi  
 Fæst hjá

**VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf**  
 Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980  
 Efnissala Rennismiði  
 Innréttingar Járnsmiði  
 Gagnheiði 5, Selfossi  
 Sími 482 1980

Hjólbarðapjónusta Magnúsar  
 Gagnheiði 25 - Sími 482 2151  
**HM**  
 Hjólbarðar  
 Betri vörur - betra verð

**Juubbii**  
 Siggafærðir  
 - Flutningapjónusta -  
 Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.  
 Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.  
 Reykjavík - Selfoss  
 Hella - Hvolsvöllur  
 Sími 772 6010

**DFS.is**  
 FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS  
 Sími 482 1944 - dfs@dfs.is